

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Evrópska efnahagssvæðið og íslensk sveitarfélög



Árni Þór Sigurðsson

Evrópska efnahagssvæðið og íslensk sveitarfélög

Brüssel
júni 2005

Efnisyfirlit

1.	Formáli.....	1
2.	Inngangur	2
3.	Verkefnið	6
4.	Heimsókn sveitarstjórnarmanna	9
5.	Starfsemi sveitarfélaga og héraða í Brussel.....	11
6.	Þörf fyrir Brussel-skrifstofu, hlutverk hennar og verkefni	13
7.	Styrkleikar og veikleikar skrifstofu sveitarfélaga í Brussel	21
8.	Niðurstöður.....	23
9.	Fylgiskjöl	27

1. Formáli

Greinargerð þessi er afrakstur 6 mánaða verkefnavinnu Brussel. Verkefnið var samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, utanríkisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis.¹ Það byggði á tillögum nefndar sem utanríkisráðherra skipaði í mars 2003 um framtíðartilhögun að samstarfi ríkis og sveitarfélaga um EES-mál.²

Á grundvelli samkomulagsins fékk ég launað leyfi frá Reykjavíkurborg í 6 mánuði og utanríkisráðuneytið lagði til alla starfsaðstöðu í sendiráði Íslands í Brussel. Annar útlagður kostnaður verkefnisins var greiddur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytinu. Sérstakt kostnaðaruppgjör vegna verkefnisins verður kynnt aðilum samkomulagsins um leið og það liggur fyrir.

Við vinnuna hef ég notið margvíslegrar aðstoðar, þegið ráð og rökrætt um þau málefni sem verkefnið varðar. Sérstaklega vil ég þakka sendiherra Íslands í Brussel, Kjartani Jóhannssyni og öllu starfsfólki sendiráðsins, fyrir ánægjulegt samstarf og góð kynni. Karen Govaerts ritari hefur verið mér mjög innan handar með hvers kyns praktísk mál og á hún bestu þakkir skildar. Þá hafa Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir sendiráðunautur og Hermann Sæmundsson, sendifulltrúi félagsmálaráðuneytisins í Brussel, lesið handrit að þessari samantekt og komið með gagnlegar ábendingar. Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hefur sömuleiðis lesið handrit að skýrslunni og bent á fjölmargt sem betur mátti fara og kann ég henni bestu þakkir fyrir. Þá hefur Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, séð um reikningshald vegna verkefnisins af stakri samvirkusemi.

Innihaldið er þó allt á mína ábyrgð. Það er von mín að það efni sem ég hef önglað saman á því hálfá ári sem ég hef verið við störf hér í Brussel, geti reynst gott framlag til þeirrar umræðu sem að líkum mun fara fram á vettvangi sveitarfélaganna á næstu mánuðum um hagsmunagæslu þeirra á erlendum vettvangi.

Brussel 30. júní 2005.

Árni Þór Sigurðsson

¹ Sjá: Samkomulag um úttekt á EES-samningnum og hagsmunum íslenskra sveitarfélaga, 2004.

² *EES og hagsmunir íslenskra sveitarfélaga, - Staða - horfur - tillögur* -, utanríkisráðuneytið, 2004; http://www.utn.stjr.is/media/Utgafa/skyrsla_sveitarstjmal_LOKA240204.pdf.

2. Inngangur

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) var undirritaður í maí árið 1992 og tók gildi á Íslandi í upphafi ársins 1994. Án nokkurs vafa er samningurinn einn sá umfangsmesti sem Íslendingar hafa gerst aðilar að í fjölpjódlegu samstarfi. Hann snertir fjölmarga þætti í íslensku þjóðlífi og er ekki einungis viðskiptasamningur heldur hefur margvíslegar pólitískar hliðar einnig.

Þegar EES-samningurinn var gerður voru sveitarfélögin og staða þeirra ekki sérstaklega til umfjöllunar og er t.d. hvergi vikið að þeim í texta samningsins. Sveitarstjórnarstigið hafði heldur enga formlega stöðu innan Evrópusambandsins á þeim tíma og lítil gaumur hafði verið gefinn að hagsmunum þeirra og hlutverki. Þessi staða hefur hins vegar breyst mikið og tók reyndar þegar að breytast um það leyti sem EES-samningurinn tók gildi. Það gerðist með Maastricht-sáttmálanum svonefnda en samkvæmt honum var komið á fót sérstökum vettvangi fyrir sveitarstjórnarstigið innan ESB, þ.e.a.s. Héraðanefndinni (Committee of the Regions, CoR). Í henni eiga sæti kjörnir fulltrúar af sveitarstjórnarstigi, tilnefndir af aðildarríkjum Evrópusambandsins.³ Hlutverk Héraðanefndarinnar er að fjalla um tillögur að nýrri löggjöf sem varða sveitarstjórnarstigið. Í upphafi var gert ráð fyrir að þessi aðkoma snerti fimm megin svið: efnahags- og félagslega samheldni⁴, samevrópskt grunnvirkjanet⁵, heilbrigðismál, menntun og menningu. Með Amsterdam-samningnum frá 1999 var síðan fimm málaflokkum bætt við: vinnumarkaðsmál, félagsmál, umhverfismál, starfsmenntun og samgöngur og má þá segja að umfjöllunarefni Héraðanefndarinnar nái til allra megin þátta innan verksviðs Evrópusambandsins. Þannig hefur vægi staðbundinna stjórnvalda sífellt verið að aukast innan Evrópusambandsins og þar af leiðandi einnig mikilvægi þess að þau sinni hagsmunagæslu sinni vel og skipulega. Sambærileg þróun hefur einnig átt sér stað utan Evrópusambandsins, t.d. bæði á Íslandi og í Noregi, með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga, enda þótt ekki sé um langa eða umfangsmikla reynslu að ræða í því efni.

Það var einkum tvennt sem haft var í huga með stofnun Héraðanefndarinnar. Í fyrsta lagi var einfaldlega talið mikilvægt að draga staðbundin stjórnvöld að vinnu og undirbúningi við hvers konar löggjöf og gerðir á vettvangi ESB, þar sem um 3/4 hlutar af löggjöfinni er innleidd og framkvæmd af sveitar- og héraðsstjórnnum. Í öðru lagi höfðu menn áhyggjur af því að almenningur í aðildarríkjum ESB væri að fjarlægjast stjórnvöld, ekki síst hið miðstýrða Brussel-veldi, og það bil yrði að brúa. Betri tenging við sveitarstjórnarstigið var talin leið til þess, enda um að ræða það stjórnsýslustig sem næst er almenningi.

³ Þegar rætt er um sveitarstjórnarstigið er mikilvægt að hafa í huga að í flestum aðildarríkjum ESB starfa staðbundin stjórnvöld á tveimur stigum, sveitarstjórnir og héraðsstjórnir (*local and regional - municipalities and regions*) og er verkefnum skipt á milli þeirra og hafa hvort um sig sjálfstæðan fjárhag og skattlagningarvald. Í Héraðanefndinni eiga sæti bæði fulltrúar úr sveitarstjórnnum og héraðsstjórnnum.

⁴ Social and economic cohesion

⁵ Infrastructure

Þetta hefur vafalaust tekist að nokkru leyti, þótt niðurstaða í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi um nýjan stjórnarskrársáttmála bendi aftur á móti til hins gagnstæða, jafnvel þótt í honum sé enn leitast við að efla og styrkja sveitarstjórnarstigið.

Eitt af einkennum EES-samningsins er að honum er ætlað að spegla uppbyggingu Evrópusambandsins. Oft er talað um tvær stoðir EES-samningsins sem þannig speglast. Með því er átt við að stofnanir Evrópusambandsins eigi sér samsvarandi stofnun EFTA/EES megin. Dæmi um þetta eru framkvæmdastjórn ESB annars vegar og Fastanefnd EFTA hins vegar, sérfræðinefndir ESB og sérfræðinefndir EFTA/EES ríkjanna, ESB dómstóllinn og EFTA dómstóllinn, Evrópuþingið og þingmannanefnd EFTA, Efnahags- og félagsmálanefnd ESB og Ráðgjafarnefnd EFTA. Þetta á þó ekki við að öllu leyti því innan EFTA/EES stoðarinnar er engin vettvangur fyrir sveitarstjórnarstigið, sambærilegt við Héraðanefndina. Samtök sveitarfélaga innan EFTA eiga ekkert formlegt og trauðla óformlegt samstarf sín á milli og hafa heldur enga formlega aðkomu að samstarfi EFTA-ríkjanna, með þeirri undantekningu þó að samband norskra sveitarfélaga er aðili að Ráðgjafarnefnd EFTA (Consultative Committee) sem samsvarar Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (ECOSOC). Samband íslenskra sveitarfélaga hefur átt þess kost að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndarinnar en nefndin er skipuð fulltrúum vinnumarkaðarins, atvinnurekenda og launafólks. Sveitarfélögin eru eins og kunnugt er meðal allra stærstu atvinnurekenda og því væri eðlilegt að þau ættu fulla aðild að þessari nefnd eins og Norðmenn hafa kosið að gera. Í tillögum nefndar utanríkisráðuneytisins um EES og hagsmuni sveitarfélaga er gerð grein fyrir því að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi formlega óskað eftir fastri aðild að ráðgjafarnefndinni og í tillögum nefndarinnar segir m.a.:

„Lagt er til að utanríkisráðuneytið beiti sér fyrir því að Samband íslenskra sveitarfélaga fái formlega og fulla aðild að ráðgjafarnefnd EFTA.“⁶

Ráðgjafarnefndin er mikilvægur samráðs- og upplýsingavettvangur og á einnig fasta samráðsfundi með Efnahags- og félagsmálanefndinni og getur á þann veg haft áhrif og fylgst náið með því sem er efst á baugi hverju sinni á þeim málavæðum sem sú nefnd fjallar um. Aðild sveitarfélaganna sem atvinnurekenda er því bæði eðlileg og þýðingarmikil.

Snemma árs 2003 fól þáverandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, starfshópi um EES og sveitarfélögin að vinna skýrslu um framtíðartilhögun á samstarfi ríkis og sveitarfélaga um málefni hins evrópska efnahagssvæðis sem varða sveitarstjórnarstigið sérstaklega. Í tengslum við þetta verkefni var fulltrúum sveitarfélaganna í starfshópnum fjölgað úr einum í þrjá. Í hópnum áttu sæti af hálfu sveitarfélaganna Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Árni Þór Sigurðsson, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, og Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi. Af hálfu ríkisins áttu sæti í hópnum Baldur Pétursson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Guðjón Bragason

⁶ *EES og hagsmunir íslenskra sveitarfélaga, Staða - horfur - tillögur*, utanríkisráðuneytið, 2004, bls. 11. http://www.utn.stjr.is/media/Utgafa/skyrsla_sveitarstjmal_LOKA240204.pdf.

frá félagsmálaráðuneyti, Ingimar Sigurðsson frá umhverfisráðuneyti, Valur Árnason frá menntamálaráðuneyti og Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir frá utanríkisráðuneyti sem jafnframt stýrði starfi hópsins.

Hópurinn vann ítarlega skýrslu, *EES og hagsmunir Íslenskra sveitarfélaga - Staða - horfur - tillögur* - og kom hún út í janúar 2004. Skýrslan er í senn góð og ítarleg lýsing á stöðu sveitarstjórnarstigsins innan ESB og í EES-samstarfinu og hins vegar eru þar lagðar fram tillögur um hvernig hagsmunagæslu fyrir íslensk sveitarfélög verði best fyrir komið. Þar er m.a. fjallað um könnun á möguleikum þess að reka sérstaka skrifstofu fyrir íslensk sveitarfélög í Brussel og í greinargerð með þeirri tillögu segir m.a.:

„Til lengri tíma litið er líklegt, ef ekki óhjákvæmilegt, að íslensk sveitarfélög gæti hagsmuna sinna á evrópskum vettvangi með starfsemi í Brussel. Þörf er á að skoða kostnað af slíkri starfsemi í ljósi þess hvaða útgjöldum sveitarfélög hafa orðið fyrir eða geta orðið fyrir vegna þess að hagsmunagæslunni er ekki sinn á fullnægjandi hátt. Fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin, vegna einstakra laga og reglna sem tekin eru inn í EES-samninginn, eru mismunandi en oft frá því að vera óveruleg upp í að nema hundruðum milljóna eða milljörðum. Dæmi eru um að einstaka tilskipanir hafi leitt af sér fjárfestingarútgjöld upp á 20 milljarða kr. og er þá rekstur þessarar fjárfestingar undanskilinn (tilskipun um frárennsli). [...] Kanna þarf hvort til greina kæmi að Samband Íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og utanríkisráðuneytið hefðu samstarf um skrifstofu í Brussel. Einnig þarf að hafa í huga samstarfsmöguleika við félagsmálaráðuneytið og fulltrúa þess í Brussel. Það væri gagnkvæmur ávinningur fyrir ríki og sveitarfélög að náði og gott samstarf væri á milli fulltrúa ríkisins og fulltrúa sveitarfélaga í Brussel. Rétt væri líka að skoða hvort það gæti staðið Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til boða að fá aðstöðu með hinum norrænu sveitarfélagasamböndunum og hvaða kostir væru samfara því. Einnig væri rétt að kanna hvort það gæti komið til greina að reka skrifstofu í Brussel með öðrum Íslenskum hagsmunaaðilum. [...] Móta þarf áherslur fyrir starfsemina í Brussel, s.s. um hvort slík starfsemi ætti eingöngu að beinast að almennri hagsmunagæslu fyrir sveitarfélög eða hvort hún ætti einnig að sinna sérstakri hagsmunagæslu fyrir ákveðin sveitarfélög eða svæði, einkum í sambandi við þátttöku í samstarfsáætlunum ESB.“⁷

Í því verkefni sem að undanförunu hefur verið unnið í Brussel, hefur einkum verið leitast við að svara þessum spurningum. Í því augnamiði hefur starfsemi annarra skrifstofa sveitarfélaga, héraða og borga í Brussel verið könnuð, haldnir fundir með fulltrúum þeirra og upplýsinga leitað um starfsemina, kostnað, ávinning o.þ.h. Er sérstaklega fjallað um þessa starfsemi í kafla 5.

Í umfjöllun um hvort íslensk sveitarfélög hafi sérstaka hagsmuni vegna reksturs EES-samningsins og hvort ástæða sé til að gæta þeirra hagsmuna sérstaklega með starfsemi í Brussel, hefur stundum verið spurt hvort þar með séu sveitarfélögin eða samband þeirra að taka afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu. Af því tilefni er mikilvægt að áréttast að svo er alls ekki. Sveitarfélög á Íslandi eða Samband Íslenskra sveitarfélaga tekur að sjálfsögðu enga afstöðu í því efni, það

⁷ *EES og hagsmunir Íslenskra sveitarfélaga, Staða - horfur - tillögur*, utanríkisráðuneytið, 2004, bls. 62. http://www.utn.stjr.is/media/Utgafa/skyrsla_sveitarstjmal_LOKA240204.pdf.

er viðfangsefni landsmálanna. Íslenska ríkið rekur umfangsmikla hagsmunagæslu vegna EES-samningsins í Brussel, enda þótt engin áform séu um að Ísland gangi í Evrópusambandið. Á hinn bóginn er Ísland aðili að samningnum um hið evrópska efnahagssvæði sem felur í sér margvíslegar skuldbindingar fyrir sveitarfélög og það er þýðingarmikið fyrir þau að rekstur samningsins gangi vel fyrir sig og að hagsmuna þeirra sé gætt við þá vinnu. Sveitarstjórnarmenn á Íslandi þekkja ýmis áþreifanleg dæmi þess að tilskipanir frá Evrópusambandinu sem eru innleiddar í íslenska löggjöf, hafa kostað sveitarfélögin umtalsverða fjármuni, vinnu og fyrirhöfn. Fráveitutilskipunin er talin hafa kostað sveitarfélög á Íslandi um 20 milljarða króna, lög um meðhöndlun úrgangs og reglugerð byggð á þeim hefur haft í för með sér verulegan kostnaðarauka, sömuleiðis reglugerð um varnir gegn mengun vatns o.fl. Þá er í undirbúningi tilskipun um stjórnun vatnsauðlinda sem mun hafa kostað í för með sér fyrir sveitarfélögin. Reglur um opinber innkaup og styrki falla undir EES-samninginn og hafa þar með áhrif á sveitarfélögin og hið sama er að segja um vinnumarkaðinn, þar sem sveitarfélögin eru stór aðili. Og svona mætti áfram halda.

Hagsmunir sveitarfélaga eru því margs konar en sannleikurinn er hins vegar sá að það mun enginn gæta hagsmuna sveitarfélaga ef þau gera það ekki sjálf og sú staðreynd er orðin sveitarstjórnarmönnum mun ljósari nú en áður var, ekki síst vegna reynslunnar hingað til. Nýjar reglur og tilskipanir sem Ísland innleiðir á grundvelli EES-samningsins hafa í mörgum tilvikum komið sveitarstjórnarmönnum í opna skjöldu, sveitarfélög og samband þess verið óundirbúin, jafnvel þótt meirihluti allra ESB-gerða sem innleiddar eru í íslenskan rétt, komi til kasta sveitarfélaganna að framkvæma og kosta. Sú staða er óviðunandi fyrir sveitarfélögin og þess vegna var orðið mjög tímabært að gerð yrði úttekt á því, hvort fýsilegt væri að reka á vegum íslenskra sveitarfélaga, hagsmunagæslu í Brussel, líkt og fjölmörg sveitarfélög alls staðar að úr Evrópu gera nú þegar.⁸

⁸ Ítarlega úttekt á hagsmunagæslu sveitarstjórnarstígsins í Brussel og rökstuðning fyrir skrifstofum sveitarfélagasambanda má m.a. finna í *Logon Report 2002, Lobbying in Europe, A Challenge for Local and Regional Governments* á vefsíðunni: www.ceec-logon.net

3. Verkefnið

Verkátun

Í samkomulagi utanríkisráðuneytisins, félagsmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar segir m.a. um verkefnið:

„Meðal þess sem skal kannað er starfsemi sambærilegra skrifstofa annarra landa í Brussel. Þar er bæði um að ræða skrifstofur sveitarfélagasambanda, einstakra héraða, borga eða borgarsvæða. Einkum skal sjónum beint að starfsemi norrænna sveitarfélaga eða aðila tengdum þeim í Brussel, en einnig minni ríkja bæði innan og utan Evrópusambandsins. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á samstarfi um hagsmunagæslu, bæði við innlenda aðila, [...] og við erlenda aðila, m.a. við sveitarfélagasamtök annars staðar á Norðurlöndum, formlega samráðsaðila s.s. CoR, CEMR, Eurocities o.fl.“⁹

Strax í upphafi var unnin verkátun sem kynnt var Sambandi íslenskra sveitarfélaga og EES-nefnd sambandsins í samræmi við samkomulagið. Er ástæða til að gera grein fyrir helstu efnisatriðum verkátunarinnar.

Undirbúningur

Undirbúningur verkefnisins fólst í því að setja upp starfsaðstöðu í sendiráðinu í Brussel, ganga frá öllum praktískum atriðum varðandi dvölinu í Brussel, kynna verkefnið fyrir þeim aðilum sem mikilvægt var að komast í tengsl við o.þ.h.

Innanhúsfundir

Skipulagðir voru fundir með sendiherra og starfsfólki sendiráðsins, þ.m.t. með fulltrúum einstakra ráðuneyta í Brussel. Lögð var áhersla á að finna samstarfsfleti og greina þau mál sem unnið er að í einstökum ráðuneytum og tengjast sveitarfélögum sérstaklega.

Verkátun unnin

Unnin var tillaga að verkátun fyrir tímabilið, leitað viðbragða sambandsins (þróunar- og alþjóðasviðs og EES-nefndar) og hún síðan frágengin. Framvinda verkefnisins hefur í öllum megin atriðum fylgt verkátuninni.

Kynnisheimsóknir

Skipulagðar heimsóknir til stofnana, skrifstofa sveitarfélagasambanda, héraða og borga sem valdar voru. Einkum var haft í huga að sjónum væri beint að starfsemi annarra norrænna ríkja en einnig horft á önnur sambönd og svæði, s.s. Scotland House. Þá voru heimsóttar skrifstofur CEMR, CEEP, EFTA og CoR. Eftirtaldar skrifstofur voru heimsóttar og rætt við forsvarsmenn þeirra um starfsemina (suma oftast en einu sinni):

✓ Sveitarfélagasambönd

Samband finnskra sveitarfélaga, samband danskra amta, samtök franskra borgarstjóra, samtök austurrískra sveitarfélaga og borga, samband danskra sveitarfélaga, samband norskra sveitarfélaga, samband sænskra

⁹ Samkomulag um úttekt á EES-samningnum og hagsmunum íslenskra sveitarfélaga, 2004.

sveitarfélaga og héraða, samtök breskra sveitarfélaga, samtök sveitarfélaga í Wales, samtök skoskra sveitarfélaga, samtök sveitarfélaga í Bæjaralandi

✓ **Héraðaskrifstofur**

Helsinki-svæðið, Norður-Finnland, Norður-Noregur, Óslóar-svæðið, Skosku hálöndin og eyjarnar, Stokkhólms-svæðið, Stavanger-svæðið, Vestur-Svíþjóð, Lancashire-svæðið, Kaupmannahafnar-amt

✓ **Aðrar stofnanir**

Samtök opinberra atvinnurekenda, Evrópusamtök sveitarfélaga, Héraðanefnd Evrópusambandsins, Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA-dómstóllinn, samtök Evrópuborga, Eftirlitsstofnun EFTA, byggðamálaskrifstofa framkvæmdastjórnar ESB, landsstjórn Færeyja, samtök atvinnulífsins, fulltrúar verkalyðshreyfingarinnar, Scotland House

CLRAE fundir

Á vegum Evrópuráðsins í Strasbourg er starfrækt svonefnd sveitarstjórnar- og héraðaping (Congress of Local and Regional Authorities - CLRAE) og tilnefni Samband íslenskra sveitarfélaga 3 fulltrúa til setu á þinginu. Í samkomulaginu um þetta verkefni var kveðið á um að verkefnisstjóri myndi annast samskipti við CLRAE og var gerð grein fyrir því í verkáætluninni. Í þessu sambandi sótti ég fund í umhverfisnefnd og stjórnarnefnd CLRAE í Strasbourg 16.–18. mars og 12. þing CLRAE í Strasbourg 30. maí-2. júní.

Eurocities fundir

Einnig var verkefnisstjóra falið að annast tengsl við Eurocities, sem Reykjavíkurborg er aðili að, og voru sóttir tveir fundir á vegum Eurocities Mobility Forum (stjórnarfundir), annars vegar 2.–4. mars í Lancaster á Bretlandi og svo 13.–15. júní í Brno í Tékklandi. Auk þess átti ég sérstakan fund með framkvæmdastjóra og tveimur starfsmönnum Eurocities til að ræða sérstaklega um þátttöku Reykjavíkurborgar í starfi samtakanna, möguleikum á fullri aðild borga utan ESB o.fl.

Áfangaskilagreinar

Áætlunin gerði ráð fyrir að verkefnisstjóri skilaði áfangaskilagreinum til sambandsins tvisvar sinnum á tímabilinu með yfirliti yfir vinnuna og voru þær kynntar í EES-nefnd sambandsins.

Móttaka hópa

Skipulögð var kynnisferð fyrir íslenska sveitarstjórnarmenn til Brussel í apríl og kom meginþungi undirbúnings og skipulagningar í hlut verkefnisstjóra. Sérstök grein er gerð fyrir heimsókninni í þessari skýrslu (sjá 4. kafla). Einnig tók verkefnisstjóri að hluta til þátt í dagskrá heimsóknar stjórnar Byggðastofnunar sem kom til Brussel í mars að kynna sér byggða- og sveitarstjórnarmál. Þá skipulagði verkefnisstjóri, í samvinnu við fulltrúa fjármálaráðuneytisins í sendiráðinu í Brussel, heimsókn Innkauparáðs Reykjavíkurborgar til framkvæmdastjórnar ESB, EFTA og ESA þar sem ráðið kynnti sér hið nýjasta á sviði opinberra innkaupa og útboðsmála.

ELAN fundir

ELAN, European Local Authorities Network, er óformlegur samráðsvettvangur þeirra er starfa að hagsmunamálum sveitarfélaga og héraða í Brussel og fundar að jafnaði á tveggja vikna fresti. Þar gefst gott tækifæri fyrir fulltrúa staðbundinna stjórnvalda til að bera saman bækur sínar, samhæfa afstöðu og skipuleggja samstarf. Verkefnisstjóri hefur tekið þátt í starfi þessa hóps og hefur í tengslum við þá átt þess kost að kynnast starfsemi Bavarian Local Authorities (Samtök sveitarfélaga í Bæjaralandi), Association of Netherlands Municipalities (Samband hollenskra sveitarfélaga) og Local Government in Britain (Samband breskra sveitarfélaga), auk þeirra skrifstofa sem getið er um hér að ofan.

4. Heimsókn sveitarstjórnarmanna

Dagana 18.–20 apríl var skipulögð heimsókn fyrir íslenska sveitarstjórnarmenn til Brussel. Markmið ferðarinnar var að gefa íslenskum sveitarstjórnarmönnum tækifæri til að fræðast um starfsemi Evrópusambandsins (ESB) og EES-samstarfið, með sérstakri áherslu á stöðu sveitarstjórnarstigsins og einnig að kynna fyrir þeim hagsmunagæslu evrópskra sveitarfélaga gagnvart ESB. Ferðin tengdist að nokkru leyti því tímabundna verkefni sem þessi skýrsla fjallar um: að kanna kosti þess og galla að íslensk sveitarfélög reki sérstaka skrifstofu í Brussel.

Kynnisferðin var afar vel sótt, 35 sveitarstjórnarmenn tóku þátt í henni, auk tveggja fulltrúa úr félagsmálaráðuneyti og eins fulltrúa úr fjármálaráðuneyti. Skipulagning heimsóknarinnar hvíldi að mestu á Önnu Guðrúnu Björnsdóttur, sviðsstjóra hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, auk skýrsluhöfundar. Meðal þeirra sveitarstjórnarmanna sem þátt tóku voru flestir fulltrúar í stjórn og EES-nefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, auk fjölmargra annarra. Samsetning hópsins var ennfremur afar breið, á mælikvarða landshluta, stærðar sveitarfélaga og stjórn málaflokka sem einnig var þýðingarmikið.

Dagskrá kynnisferðarinnar skiptist í fimm meginhluta.¹⁰ Fyrst var kynning á Evrópusambandinu og stofnanakerfi þess og ennfremur samningnum um hið evrópska efnahagssvæði og hvernig hann tengist íslenskum sveitarfélögum. Högni S. Kristjánsson sendifulltrúi og Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir sendiráðunautur við fastanefnd Íslands gagnvart Evrópusambandinu sáu um þá kynningu.¹¹ Þá var í öðru lagi fjallað um EES-samninginn og hagsmunagæslu sveitarfélaga. Fulltrúar fimm ráðuneyta í Brussel fjölluðu um tengsl viðkomandi málaflokka við sveitarstjórnarstigið á vettvangi Evrópusamstarfsins. Þetta voru Hermann Sæmundsson (félagsmálaráðuneyti), Þórður H. Ólafsson (umhverfisráðuneyti), Guðjón Axel Guðjónsson (iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti), Angantýr Einarsson (fjármálaráðuneyti) og Stefán Baldursson (menntamálaráðuneyti). Í þriðja lagi var kynnt starfsemi sveitarfélaga og svæða og héraða í Brussel. Áse Erdal frá sambandi norskra sveitarfélaga, Asger Andreasen frá samtökum danskra amta, Lauri Lamminmäki frá sambandi finnskra sveitarfélaga og Anna Berg frá svæðisskrifstofu Norður-Noregs gerðu grein fyrir starfsemi sinna skrifstofa, hvernig þau höguðu hagsmunagæslu sinni og hver ávinningur væri af rekstri skrifstofa í Brussel. Þá gerði skýrsluhöfundur, Árni Þór Sigurðsson, grein fyrir starfi sínu í Brussel og rakti hugmyndir að fyrirkomulagi hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga gagnvart EES-samningnum. Fjórði hluti heimsóknarinnar fólst í heimsóknum til stofnana. Farið var í heimsókn til Evrópusamtaka sveitarfélaga (Council of European Municipalities and Regions, CEMR) þar sem Jeremy Smith aðalframkvæmdastjóri og Angelika Poth-Mögele skrifstofustjóri gerðu grein fyrir starfsemi samtakanna, hver væru verkefni þeirra og hvernig þau vinna í þágu sveitarfélaga og héraða gagnvart Evrópusambandinu og raunar gagnvart öllum aðildarríkjum samtakanna. Samband íslenskra sveitarfélaga er aðili að samtökunum en hefur til þessa aðeins tekið takmarkaðan þátt í

¹⁰ Dagskrá heimsóknarinnar fylgir í fylgiskjali.

¹¹ Glærur af nokkrum kynningum er hægt að nálgast á heimasíðu sambandsins: www.samband.is

starfsemi þeirra. Hefur fulltrúi sambandsins sótt fundi í starfsnefnd um umhverfismál. Á fundinum lýstu Smith og Poth-Mögele yfir áhuga á að tengja íslensk sveitarfélög og sambandið betur við starfsemi CEMR og er m.a. rætt um að sameiginlegur fundur starfsnefnda á sviði umhverfismála og orkumála verði haldinn á Íslandi árið 2006 og fundur formanna og framkvæmdastjóra aðildar-sambandanna ári síðar. Þá var farið í heimsókn til framkvæmdastjórnar Evrópu-sambandsins þar sem *Murray Gilland*, hjá skrifstofu byggðamála (DG Regional Policy) fjallaði um framtíð byggðastefnu ESB, Interreg-áætlanirnar og staðbundið lýðræði í Evrópusamvinnunni. Að lokum heimsótti hópurinn Héraðanefnd Evrópu-sambandsins (Committee of the Regions), þar sem *Steen Illeborg*, aðstoðarframkvæmdastjóri, gerði grein fyrir skipulagi og hlutverki nefndarinnar, fjallaði um samvinnu hennar við sveitarstjórnir og ræddi um samstarf hennar við EFTA/EES-ríki. Fimmti og síðasti hluti kynnisferðarinnar laut að EFTA og samstarfi sveitarstjórnarmanna á þeim vettvangi. Þar gerði *Þórunn J. Hafstein* skrifstofustjóri grein fyrir þróun EES-samningsins og vinnuferlum, *Tor Eigil Hodne* fulltrúi fjallaði um þátttöku EFTA ríkja í samstarfsáætlunum ESB og *Ágústa Ýr Þorbergsdóttir* fulltrúi gerði grein fyrir starfsemi Þróunarsjóðs EFTA sem stofnaður var í tengslum við stækkum Evrópusambandsins á síðasta ári. Þá gerði *Øystein Hovdkinn* aðstoðarframkvæmdastjóri grein fyrir starfsemi EFTA og *Lóa Brynjúlfsdóttir* fulltrúi kynnti starfsemi ráðgjafanefnda EFTA. Framkvæmdastjórn sambands norskra sveitarfélaga tók einnig þátt í kynningunni hjá EFTA og í framhaldinu áttu fulltrúar íslenskra og norskra sveitarfélaga sameiginlegan fund með *Steen Illeborg* frá Héraðanefndinni, *Patrizio Fiorilli* frá Evrópusamtökum sveitarfélaga og *Richard Kitt* frá samtökum breskra sveitarfélaga þar sem fjallað var um samstarf Héraðanefndarinnar við samtök sveitarfélaga, um sameiginlegan samráðsvettvang (Systematic Dialogue) og möguleika sveitarfélaga í EFTA ríkjum til að tengjast þessu samstarfsneti.

Að lokinni þessari dagskrá átti stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fund með framkvæmdastjórn norskra sveitarfélaga, þar sem rætt var um frekara og nánara samstarf sveitarfélaga á vettvangi EFTA/EES-ríkja og einnig við Héraðanefnd ESB. Var ákveðið að fulltrúar þessara tveggja sambanda á sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins í Strassborg myndu boða til fundar með fulltrúum Sviss og Liechtenstein þar um mánaðarmótin maí-júní í tengslum við þingfund sveitarstjórnarþingsins. Er gerð grein fyrir þeim fundi annars staðar í skýrslunni (sjá bls. 19).

Með því að svo stór og breiður hópur sveitarstjórnarfólks átti þess kost að kynnast starfsemi Evrópusambandsins á sviði sveitarstjórnar- og byggðamála, fræðast um starfsemi evrópskra sveitarfélaga og héraða í Brussel og fjalla um samstarf á vettvangi EFTA, hefur þekking á málefnum EES-samningsins og þýðingu hans fyrir íslensk sveitarfélög aukist umtalsvert. Það er ekki síst þýðingarmikið þegar umræða um þau mál fer fram á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga og einnig einstakra sveitarfélaga á næstu mánuðum og misserum. Kynnisferðin tókst í alla staði vel og var fræðandi og gagnleg.

5. Starfsemi sveitarfélaga og héraða í Brussel

Í Brussel eru starfræktar um 250 skrifstofur fyrir evrópsk sveitarfélagasambönd, einstök héruð, borgir og borgasvæði. Flestar eru þessar skrifstofur eðli málsins samkvæmt frá ríkjum innan Evrópusambandsins. Þannig eru til að mynda 11 danskar skrifstofur en einnig eru starfræktar í Brussel sjö norskar skrifstofur. Svíar og Finnar eru með álíka margar skrifstofur og Danir. Önnur ríki, eins og t.d Þýskaland, Holland og Bretland, eru með enn fleiri skrifstofur sem sinna málum sveitarfélaga og héraða. Verkefni þessara skrifstofa er nokkuð mismunandi.

Skrifstofur sveitarfélagasambanda

Almennt má segja að skrifstofur sveitarfélagasambanda sinni fyrst og fremst hagsmunagæslu gagnvart Evrópusambandinu, vegna laga, reglugerða og annarra gerða sem í undirbúningi eru hverju sinni og leitist við að hafa áhrif og láta rödd sveitarstjórnarstigsins heyrast á vettvangi Evrópusambandsins. Brussel-fulltrúar sveitarfélagasambandanna hafa með sér óformlegan samráðsvettvang, ELAN (European Local Authorities Network) sem fundar reglulega á hálfsmánaðarfresti. Á meðan á dvöl minni hér í Brussel hefur staðið, hef ég átt þess kost að sækja þessa fundi og kynna mér þannig fyrirkomulag þeirra og hefur það verið mjög gagnlegt. Þetta starf er m.a. unnið í náinni samvinnu við Evrópsamtök sveitarfélaga (CEMR). Þessi samráðsvettvangur er gríðarlega þýðingarmikill fyrir samtök sveitarfélaga, þar skipta einstök sambönd með sér verkum við yfirferð gerða sem eru í pípunum, greina hvernig þær tengjast sveitarfélögnum, hvaða skuldbindingar fylgja þeim, hver áætlaður kostnaður getur verið við innleiðingu og hvernig bregðast skuli við. Ýmist er þá um það að ræða að gerðar eru ákveðnar breytingartillögur, stundum er lagst gegn tilteknum gerðum eða þær studdar og fulltrúar sveitarstjórnarstigsins geta síðan fylgt sjónarmiðum sínum eftir gagnvart fulltrúum ríkjanna í framkvæmdastjórn ESB og eins gagnvart þingmönnum á Evrópuþinginu. Þessi vettvangur tryggir t.d. ríkjum utan Evrópusambandsins aðgang að stefnumótun, eftirfylgni og áhrifum sem þau hefðu ekki ella. Það er samdóma álit allra þeirra fulltrúa sveitarfélagasambanda sem ég hef rætt við að samstarfið á vettvangi ELAN og CEMR sé tvímælalaust sá áhrifamesti og árangursríkasti í hagsmunagæslu fyrir sveitarstjórnarstigið. Sérstaklega má benda á að Norðmenn, sem standa utan ESB, telja að þeir njóti sérlega góðs af þessari samvinnu þar sem hún tryggir þeim sama aðgang að umræðu, stefnumótun og ákvörðunum og ESB-þjóðunum og veitir þeim upplýsingar um hvaðeina sem er í undirbúningi miklu fyrr en annars væri. Hið sama ætti einnig við um Íslendinga.

Skrifstofur héraða og borga

Skrifstofur héraða og borga gegna nokkuð annars konar hlutverki en skrifstofur sveitarfélagasambanda. Í þeirra störfum er megin áherslan lögð á samstarfsverkefni, þátttöku í byggðaáætlunum og rannsókn- og þróunaráætlunum, auk þess að kynna viðkomandi svæði sem áhugaverðan kost til búsetu, fjárfestinga og atvinnustarfsemi, þ.m.t. ferðaþjónustu. Mörg dæmi eru um vel heppnað samstarf svæða sem eiga sameiginlega hagsmuni, annað hvort vegna landfræðilegrar legu, sbr. samstarf norðurhéraða Finnlands, Noregs og

Sviðjórðar, eða vegna einstakra kynningarverkefna, eins og samstarf Stokkhólms, Barcelona, Riga, Sofia, Venezia, Wales og Bretagne Pay de la Loire á „opnum dögum“ á vegum Héraðanefndarinnar og framkvæmdastjórnar byggða- og héraðamála. Er ótvírætt að umfangsmikil starfsemi einstakra svæða og héraða í Brussel hefur átt ríkan þátt í að efla samstarf þvert á landamæri og verið mikill styrkur fyrir þau svæði sem hvað mestum árangri hafa náð í margvíslegu svæðisbundnu samstarfi.

Kostnaður

Afar misjafnt er hversu umfangsmikil starfsemi Brussel-skrifstofanna er. Í einstökum tilvikum er aðeins um að ræða 1–2 starfsmenn en í öðrum er nokkur hópur fólks að störfum fyrir viðkomandi skrifstofu. Algengt er að boðið sé upp á þann möguleika að starfsfólk frá heimalandinu, t.d. starfsmenn sveitarfélaga eða háskólanemar, geti verið tímabundið við störf hjá viðkomandi skrifstofu. Hefur það almennt gefið góða raun þar sem viðkomandi starfsmaður nýtist skrifstofunni í Brussel við tiltekin verkefni en aflar sér um leið staðgóðrar þekkingar og reynslu sem kemur heimasveitarfélaginu til góða.

Kostnaður við rekstur skrifstofa sveitarfélaganna er að sjálfsögðu jafn misjafn og þær eru margar. Í flestum tilvikum er kostnaðurinn greiddur beint af viðkomandi sambandi. Hið sama á við um skrifstofur einstakra svæða, þótt þar sé í vissum tilvikum ætlast til að skrifstofurnar afli sér fjár í tengslum við samstarfs- og þróunarverkefni (styrkjaverkefni). Reikna má með að rekstrarkostnaður skrifstofu með einum útsendum starfsmanni sé á bilinu 15–20 m.kr. á ári. Er þá innifalið í þeirri tölu laun og launatengd gjöld, almennur rekstrarkostnaður, ferðakostnaður, húsnæðiskostnaður og staðbundinn dvalarkostnaður. Húsnæðis- og dvalarkostnaðurinn ræðst óhjákvæmilega af fjölskylduaðstæðum þess starfsmanns sem ráðinn er til að veita skrifstofunni forstöðu. Þannig gerir fjárhagsáætlun samtaka danskra amta ráð fyrir tæpum 20 m.kr. árið 2005 m.v. tvo fasta starfsmenn en þá er undanskilinn húsnæðis- og dvalarkostnaður forstöðumannsins. Norska sveitarfélagasambandið hefur að jafnaði tvo starfsmenn á skrifstofu sinni í Brussel. Kostnaður við staðarráðna starfsmenn er minni en kostnaður við útsenda starfsmenn þar sem almennt er ekki gert ráð fyrir húsnæðis- og dvalarkostnaði við þá. Þá er kostnaður við starfsnema eða starfsmenn í starfsþjálfun óverulegur, en þar er einkum um að ræða húsnæðisstyrk og lítilsháttar dvalarkostnað en laun eru greidd af því sveitarfélagi sem viðkomandi starfar hjá. Launakostnaður vegur að jafnaði um 60% af heildarkostnaði.¹²

¹² Áætlun um rekstrarkostnað skrifstofa byggir einkum á upplýsingum frá Samtökum danskra amta, Sambandi danskra sveitarfélaga, Sambandi sænskra sveitarfélaga og héraða og Svæðisskrifstofu Óslóar og nágrannafylkja.

6. Þörf fyrir Brussel-skrifstofu, hlutverk hennar og verkefni

Brussel eða Reykjavík?

Þegar metin er þörf fyrir hagsmunagæslu og möguleikar til þess að hafa áhrif til hagsbóta fyrir sveitarfélögin, þarf að sjálfsögðu að meta hversu miklum fjármunum er unnt að verja í þessa vinnu, í samanburði við það sem í húfi er, og þá einnig hvort unnt er að sinna þessum störfum jafn vel eða betur með öflugri starfsemi á skrifstofu sambandsins í Reykjavík, fremur en með starfsstöð í Brussel. Til þessa hefur málum er varða EES-samninginn verið sinnt af hálfu þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem starfar einn starfsmaður, sviðsstjórinn. Nú stendur raunar til að styrkja sviðið með viðbótar starfsmanni sem á reyndar fyrst og fremst að sinna skólamálum. Þessi starfsemi er mikilvæg og ljóst að hún verður jafnvel enn mikilvægari ef sveitarfélögin reka starfsemi í Brussel, einfaldlega vegna þess að það þarf að vinna úr og miðla áfram þeim upplýsingum sem Brussel-skrifstofa safnar saman, það þarf að vinna með sérfræðingum sveitarfélaganna á hinum ýmsu málefnasviðum o.s.frv.

Áhrifin sem sveitarstjórnarstigið getur haft vegna löggjafar eru af ýmsum toga. Þau eru ekki síst í gegnum tengsl og samstarf við þá starfsmenn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem eru að vinna að undirbúningi löggjafar, þau eru í gegnum Evrópuþingið, Héraðanefnd Evrópusambandsins, Efnahags- og félagsmálanefndina og þau eru í gegnum samstarf við aðra fulltrúa sveitarfélaganna, samtök sveitarfélaga og borga o.m.fl. Sömuleiðis með samstarfi við fulltrúa í fastanefndum gagnvart ESB og í ráðherraráðinu.

Þeirri vinnu sem felst í því að hafa áhrif á, móta afstöðu til og að rækta og sinna hagsmunagæslu sveitarfélaga gagnvart lögum og reglum frá Evrópusambandinu, og sem innleidd eru í íslenskan rétt í gegnum EES-samninginn, verður ekki svo vel sé sinnt nema með stöðugri viðveru í Brussel. Það er sú reynsla sem systursambönd Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa af starfi á þessum vettvangi um langt skeið.¹³ Sömu sögu er í raun að segja af skrifstofum einstakra borga og byggðarlaga. Meira en áratugastarfsemi þessara aðila í Brussel er órækur vitnisburður um að það sé mat stjórnenda og stjórnmalamanna heima fyrir að verulegur ávinningur sé af skrifstofunum. Sé þar að auki vilji til þess að nýta sem allra best möguleika EES-samningsins til þátttöku í margvíslegum samstarfsáætlunum, byggðaáætlunum, rannsóknáætlunum o.s.frv. byggir það einnig og ekki síður á öflugum tengslum milli þeirra sem starfa á þessum vettvangi í Brussel. Starfræksla þessara mála í Reykjavík mun ekki koma í staðinn fyrir eða vera jafngild starfsstöð í Brussel, þaðan er hægt að sinna tiltekinni hagsmunagæslu, en engan veginn öllum þeim tengslum sem sinna þarf ef vel á að vera og alls ekki með þeim áhrifum sem unnt er að hafa með stöðugri vöktun og viðveru.

¹³ *Logon Report 2002, Lobbying in Europe, A Challenge for Local and Regional Governments* á vefsíðunni: www.ceec-logon.net

Óformlegar leiðir til hagsmunagæslu (lobbyism)

Engum blöðum er um það að fletta að hagsmunagæsla einstakra sveitarfélaga-sambanda, borga og svæða í Brussel byggir að verulegu leyti á að mynda og hagnýta sér víðtækt tengslanet við lykilaðila í Brussel. Starfsmenn leggja höfuðáherslu á að mynda tengsl við starfsmenn annarra sambanda og samtaka, starfsmenn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, starfsmenn Héraðanefndarinnar, starfsmenn fastanefnda einstakra ríkja o.þ.h. Þessi hagsmunagæsla gengur undir nafninu „lobbyismi“ og er ekki síður mikilvæg en formleg hagsmunagæsla sem fer fyrst og fremst fram með því að senda inn umsagnir á grundvelli formlegs umsagnarferlis.¹⁴ Þer flestum viðmælendum mínum saman um að án slíkra sambanda komist menn hvorki lönd né strönd í hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin. Ljóst er að ekki er hægt að stunda þessa tegund af hagsmunagæslu að gagni, nema með föstum fulltrúa í Brussel. Í gegnum tengslanet af þessu tagi afla menn sér margvíslegra upplýsinga um þau málefni sem eru í undirbúningi og vinnslu á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar, sem er þýðingarmikið þar sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ein rétt til að leggja fram tillögur að nýrri löggjöf eða reglum á vettvangi sambandsins. Enda þótt vægi ráðherraráðsins og Evrópuþingsins hafi aukist mikið á undanförunum árum, með breytingum á stofnsamningi ESB, er frumkvæðisrátturinn enn bundinn við framkvæmdastjórnina eina. Með því að rækta markvisst sambandið og samstarfið við tengiliði sína, auka menn um leið líkurnar á því að geta haft áhrif á það sem í vinnslu er. Í þessu sambandi er jafnframt rétt að benda á að það eru almennt viðurkennd sannindi að því fyrr sem menn koma að málum því meiri líkur eru á því að geta haft áhrif. Er því jafnan haldið fram að litlir möguleikar séu til að hafa áhrif á væntanlega löggjöf þegar hún er komin á hið pólitíska stig, þ.e. til ráðherraráðsins og þingsins. Það á ekki sist við um lönd utan ESB sem ekki hafa neinn aðgang að ráðinu og þinginu. Í gegnum EES-samninginn eiga EFTA-ríkin þrátt fyrir allt aðgang að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og þeim ótölulega fjölda sérfræðinganeftnda sem starfa á vegum hennar.

Evrópusamtök sveitarfélaga (Council of European Municipalities and Regions - CEMR)

Evrópusamtök sveitarfélaga eru frjáls félagasamtök fyrir staðbundin stjórnvöld og samtök þeirra í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Meginmarkmið með starfsemi samtakanna er að stuðla að sterkum og samhentum sveitarfélögum og staðbundnum stjórnvöldum, virðingu fyrir sjálfsforræði sveitarfélaga og staðbundnu

¹⁴ Logon Report 2002, Executive Summary: „Officially, municipalities and regions have to communicate their own concerns via the relevant member states, since within the EU's decision-making structures, national interests must be represented by the individual member states. The local and regional level has been officially involved in the decision-making structures only since the creation of the Committee of the Regions, for which the 1992 Maastricht Treaty provided the relevant legal foundation. However, the Committee of the Regions only performs an advisory function and at present is not involved in the EU decision-making process until at a relatively late stage. Therefore, the municipalities and regions are called upon to voice their own interests and concerns in an informal way through lobbying activities in Brussels and to introduce them into the decision-making process early on, in the conception phase of new European rules and regulations.“

lyðræði. Þau beita sér fyrir því að ákvarðanir stjórnvalda séu teknar eins nálægt íbúunum og kostur er í samræmi við svonefnda nálægðarreglu (principle of subsidiarity). Starfsemi samtakanna nær yfir fjölmörg málsvið, m.a. sjálfbæra þróun, almannaþjónusta, opinber innkaup og styrki, samkeppnismál, samgöngur, byggðastefnu, umhverfismál, orkumál, jafnréttismál o.fl. Samband íslenskra sveitarfélaga er aðili að samtökunum.

Umfangsmiklir málaflokkar sem Evrópusambandið fjallar um, og setur löggjöf og reglugerðir um, varða sveitarstjórnarstigið miklu. Samtökin leggja því ríka áherslu á að hafa áhrif á þær gerðir og á náð samráð við aðildarsamtökin í því starfi. Samtökin vinna tillögur að stefnumótun og afstöðu sveitarfélaga til laga og reglugerða sem eru í undirbúningi hverju sinni. Þá hafa samtökin hvatt mjög til þess að staða sveitarfélaga, borga og svæða sé viðurkennd og virt og hlutverk þeirra eftt innan Evrópu. Starfsemi samtakanna fer að miklu leyti fram í margs konar vinnuhópum, málstofum og ráðstefnum um tiltekin málefni þar sem aðildarsamtökin geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri, skipst á þekkingu og reynslu og miðlað upplýsingum. Þá hafa samtökin einnig verið í forystu fyrir skipulögðu vinabæjarstarfi á vettvangi Evrópu.

Þrátt fyrir að skrifstofa samtakanna sé tiltölulega fámenn, er hún afar afkastamikil. Má ekki síst þakka það skipulegri þátttöku aðildarsambandanna í vinnuhópum og því að skrifstofan skilgreinir markvisst hvað beri að leggja áherslu á í hvert skipti og beinir þá sjónum að stærstu aðalatriðum. Það hefur líka reynst árangursríkt og eiga samtökin nú formlega samráðsfundi með æðstu stjórnendum Evrópusambandsins, þ.e. forseta framkvæmdastjórnarinnar og öðrum fulltrúum í framkvæmdastjórninni sem fara með málefni staðbundinna stjórnvalda og byggðamála. Ennfremur eiga samtökin náð og reglubundið samstarf við Héraðanefndina og fleiri aðila sem starfa að málefnum sveitarfélaga og héraða. Þessi vettvangur er kjörinn fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til að hafa áhrif og afla þekkingar og reynslu, með reglubundinni þátttöku í fundum framkvæmdastjóra samtakanna og vinnuhópum.¹⁵ Sjálfsgagt er að efla þennan þátt í starfsemi sambandsins í framtíðinni og tilkoma fulltrúa sveitarfélaga í Brussel gæti verið mikilvægur þáttur í því, sérstaklega þátttaka hans í ELAN-samstarfinu sem gerð var grein fyrir í kaflanum um skrifstofur sveitarfélagasambanda hér að framan, en Brussel-fulltrúi er forsenda fyrir því að unnt sé að taka þátt í ELAN-samstarfinu.

Evrópusamtök opinberra atvinnurekenda (European Centre of Enterprises with Public Participation and Enterprises with General Economic Interest - CEEP)

Þessi samtök hafa innan sinna vébanda fyrirtæki og samtök atvinnurekenda sem eru í opinberri eigu eða sinna almannaðjónustu óháð rekstrarformi og eignarhaldi. Samtökin eru einn af þremur opinberlega viðurkenndum aðilum vinnumarkaðarins (social partners) innan Evrópusambandsins og hafa þannig sterka stöðu hvað varðar áhrif á löggjöf á sviði félagsmála og vinnumarkaðsmála. Aðilar að samtökunum eru nokkur hundruð sambönd og

¹⁵ Nánari upplýsingar um starfsemi CEMR má nálgast á vefsíðunni: <http://www.ccre.org/>

fyrirtæki í meira en 20 Evrópulöndum, bæði innan og utan Evrópusambandsins. Staðbundin stjórnvöld eru almennt stórir vinnuveitendur og hafa sem slíkir mikla hagsmuni af margskonar löggjöf á þessu sviði. Engir íslenskir aðilar eru að samtökunum í dag en hins vegar á samband norskra sveitarfélaga fulla aðild. Aðildargjöld eru mishá, viðmiðunargjald er € 39.000 á ári en fámenn ríki geta samið um lægri gjöld.

Framan af voru samtökin einungis opin aðilum frá aðildarríkjum ESB. Þessu hefur nú verið breytt og geta t.a.m. EFTA-ríkin orðið fullgildir aðilar. Samband norskra sveitarfélaga og Samband norskra fyrirtækja í sveitarfélagaeigu eru aðilar að samtökunum og telja þá reynslu jákvæða. Er sjálfsgagt fyrir sambærilega íslenska aðila, þ.e. Launanevnd sveitarfélaga í umboði Sambands íslenskra sveitarfélaga, að kann til hlítar kosti þess að gerast aðilar að samtökunum og er það ein af tillögnum í skýrslu starfshóps utanríkisráðuneytisins um EES og sveitarfélög. Fulltrúi sveitarfélaga í Brussel gæti orðið til þess að hægt sé að hagnýta sér meira aðild að CEEP þar sem hann gæti sótt fundi í stað þess að verið sé að senda fulltrúa heimanað frá.¹⁶

Héraðanefnd Evrópusambandsins (Committee of the Regions - CoR)

Héraðanefndin er vettvangur sveitar- og héraðsstjórna innan Evrópusambandsins. Hún var sett á laggirnar árið 1994 í þeim tilgangi að tryggja staðbundnum stjórnvöldum aðgang að umræðu um og áhrifum á löggjöf og reglur innan ESB þar sem talið er að um þrjú fjórðu hlutar komi til kasta sveitarfélaga en ennfremur var tilgangur með stofnun nefndarinnar að færa ESB og starfsemi þess nær íbúum. Í nefndinni eiga sæti 317 kjörnir fulltrúar frá öllum aðildarríkjum ESB og eru þeir tilnefndir til fjögurra ára í senn. Það eru viðkomandi ríki sem tilnefna fulltrúana formlega, en víðast hvar er leitað tilnefninga frá samtökum sveitarfélaga og/eða fylkja. Þess má geta að af níu fulltrúum Danmerkur eru fjórir tilefndir af sambandi danskra sveitarfélaga, fjórum af samtökum danskra amta og einn tilnefndur af borgarstjórn Kaupmannahafnar.

Meginþunginn í starfsemi nefndarinnar fer fram í sex starfsnefndum sem undirbúa mál fyrir fullskipaða nefndina. Auk þess að skiptast í starfsnefndir starfa fulltrúar í Héraðanefndinni í stjórnmalahópum sem eru fjórir. Fulltrúar í nefndinni eru allir starfandi sveitarstjórnarmenn í sínu heimalandi og sinna starfi sínu í nefndinni þaðan og er það ekki síst talið mikilvægt út frá hugsuninni um nærlyðræðið. Skrifstofur sambanda sveitarfélaga í Brussel starfa einnig náið með fulltrúum sinna landa í nefndinni.

Starfsemi Héraðanefndarinnar getur tvímælalaust haft mikil áhrif fyrir íslensk sveitarfélög. MeGIN ástæðan er sú að Héraðanefndin er lögbundinn álitsgjafi um alla löggjöf sem snertir sveitarstjórnarstigið þegar á undirbúningsstigi og hefur vægi hennar aukist mikið frá upphafi. Meðan á þessu verkefni hefur staðið hef ég átt þess kost að sitja sem boðinn áheyrnarfulltrúi fullskipaða nefndarfundi (Plenary Sessions) í Héraðanefndinni og ennfremur að sækja leiðtogafund borga og héraða í Wrocław í Póllandi í maí. Með því að fylgjast grannt með starfsemi

¹⁶ Nánari upplýsingar um starfsemi CEEP má nálgast á vefsíðunni: <http://www.ceep.org/>

nefndarinnar, sækja fundi hennar og bera saman bækur sínar við starfsmenn hennar, er bæði unnt að koma íslenskum sjónarmiðum á framfæri og fá tímanlega upplýsingar um væntanlega löggjöf. Þessu hlutverki gæti fulltrúi sveitarfélaganna í Brussel sinnt.¹⁷

Aðkoma að byggðamálum ESB

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er skipt í allmargar skrifstofur eða stjórnardeildir. Ein þeirra fer með byggðamál og hefur hún yfir að ráða um þriðjung af fjárlögum sambandsins. Tilgangurinn með starfsemi á sviði byggðamála er að draga úr mismunun milli svæða og ríkja Evrópusambandsins og brúa bilið sem er í þróun þeirra, hvort sem er efnahagslega eða félagslega. Er þá ekki síst horft til þess að styrkja þau svæði sem standa höllum fæti, þar sem efnahags- og atvinnuástand er bágborið, til að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs í dreifbýli, endurskipulagningu iðnaðarhéraða sem eru á undanhaldi og stuðla að atvinnusköpun og aukinni efnahagslegri, félagslegri og svæðisbundinni samleitni innan ESB. Til þess að ná fram þessum meginmarkmiðum eru starfræktir nokkrir sjóðir vegna byggðaverkefna.

Byggðamál falla utan EES-samningsins en í vissum tilvikum geta ríki utan ESB tekið þátt í verkefnum sem styrkt eru af byggðasjóðum sambandsins, gegn greiðslu. Norðmenn taka á þann hátt viðtækan þátt í byggðaaætlunum ESB en íslenska ríkið hefur aðeins samþykkt að taka þátt í Norðurslóðaáætlunin, Northern Periphery, en hún er hluti af svonefndri *Interreg IIIB* áætlun Evrópusambandsins.¹⁸ Í gegnum Norðurslóðaáætlunina hafa nokkur sveitarfélög á Íslandi átt samstarf við sveitarfélög annars staðar í N-Evrópu um tiltekin verkefni sem almennt eru til þess fallin að styrkja og efla samfélagið á hverju svæði. Má nefna sveitarfélögin á Mið-Austurlandi sem hafa unnið með sveitarfélögum í Svíþjóð, Finnlandi og Skotlandi, Akureyri hefur unnið með Sollefteå í Svíþjóð og Steinkjer og Sortland í Noregi að verkefni til að skoða leiðir til markaðssetningar og ímyndarsköpunar og Garðabær er í samstarfi við sveitarfélög í Svíþjóð, Noregi og Rússlandi um að draga úr veikindafjarvistum starfsmanna.

Í heimsókn stjórnar Byggðastofnunar til Brussel í mars sl. var byggðamála-skrifstofan m.a. heimsótt og hið sama gerðu einnig sveitarstjórnarmenn í kynnisferð sinni til Brussel í apríl. Byggða- og sveitarstjórnarmál eru nátengd, og eru raunar víðast hvar í Evrópu vistuð saman í ráðuneyti (þó ekki á Íslandi!) og hagsmunir byggðarlaga og sveitarfélaga fara augljóslega saman. Er álitlegt að skoða möguleika á samstarfi þessara aðila á Íslandi, ekki síst að því er varðar sameiginlega starfsemi í Brussel.¹⁹

Sóknarfæri í gegnum Þróunarsjóð EFTA - 100 milljarðar næstu 5 ár

¹⁷ Nánari upplýsingar um Héraðanefndina má nálgast á vefsíðunni: <http://www.cor.eu.int/>

¹⁸ Nánari upplýsingar um Norðurslóðaáætlunina má m.a. nálgast á vefsíðunni: <http://www.byggdastofnun.is/ErlentSamstarf/NPP/>

¹⁹ Nánari upplýsingar um byggðamála-skrifstofuna má nálgast á vefsíðunni: http://europa.eu.int/comm/regional_policy/index_en.htm

Með stækkun Evrópusambandsins í maí 2004 og tilkomu Þróunarsjóðs EFTA í kjölfarið hafa enn opnast ný tækifæri fyrir íslensk sveitarfélög og svæði til samstarfs við sambærilega aðila í nýju aðildarríkjunum. Hér má vekja athygli á því að Þróunarsjóðurinn ræður yfir miklum fjármunum, eða sem samsvarar tæpum 100 milljörðum króna á fimm ára tímabili, sem skiptist í tvo jafna hluta.²⁰ Raunar er annar helmingur sjóðsins eingöngu fjármagnaður af Norðmönnum en það kemur ekki í veg fyrir að íslenskir aðilar séu samstarfsaðilar við styrkveitingar úr þeim hluta sjóðsins. Samvinnan getur verið á margvíslegum sviðum, þ. á m. á ýmsum verksviðum sveitarfélaga.²¹

Í gegnum Þróunarsjóðinn eru möguleikar fyrir íslensk sveitarfélög að miðla þekkingu sinni til nýju aðildarríkjanna²² og Brussel-skrifstofa gæti aðstoðað íslensk sveitarfélög við að taka þátt í slíkum verkefnum. Samstarf sveitarfélaga, Byggingastofnunar, rannsókn- og háskólastofnana og ýmissa samtaka getur verið álitlegur kostur fyrir íslenskar aðstæður, þar sem við erum fámenn og höfum ekki yfir að ráða sambærilegum fjármunum og stærri þjóðir. Sú staðreynd að sumir af þessum aðilum starfa á sveitarstjórnarstigi meðan aðrir eru ríkisstofnanir og enn aðrir einkaaðilar, á ekki ein og sér að koma í veg fyrir samstarf þeirra eða gera það flókið. Hér skiptir mestu máli að hagsmunir þessara aðila geta afar vel farið saman og það þjónar sameiginlegum íslenskum hagsmunum að samstarf sé gott og náð.

Samtök evrópskra borga - Eurocities

Þessi samtök voru stofnuð árið 1986 og eru samstarfsvettvangur um 120 stórra og mikilvægra borga í meira en 30 Evrópulöndum. Meginreglan er að borgir með 250 þúsund íbúa og fleiri geti gerst aðilar að samtökunum, en einnig minni borgir, s.s. höfuðborgir eða aðrar borgir sem hafa mikla þýðingu fyrir viðkomandi svæði. Tilgangur samtakanna er að vera vettvangur skoðanaskipta, miðlun þekkingar og reynslu, að skilgreina sameiginleg vandamál og viðfangsefni og þróa nýjustu og bestu lausnir. Samtökin gegna mikilvægu hlutverki sem rödd borga og borgarsvæða vítt og breitt um Evrópu, með þátttöku í umræðum og skoðanaskiptum um löggjöf er varðar borgir og borgara. Starfsemi þeirra er skipulögð með vinnu í málefnaþópum og ráðstefnum og fundum. Meðal þeirra málavæða sem samtökin starfa að eru sjálfbær þróun, efnahagsleg þróun, vinnumarkaður og félagsmál, umhverfismál, samgöngur,

²⁰ Nánari upplýsingar um Þróunarsjóðinn má m.a. finna á vefsvæði utanríkisráðuneytisins: <http://www.vur.is/category.aspx?catID=1261>

²¹ a) Umhverfismál (þ. á m. manngert umhverfi, m.a. til að draga úr mengun og stuðla að notkun endurnýtanlegrar orku)

b) Sjálfbær þróun (m.a. til að bæta nýtingu og stjórnun auðlinda)

c) Menningararfleifið (þ. á m. almenningsamgöngur og enduruppbygging borga)

d) Mannauðspróun (m.a. til menntunar og þjálfunar og til að bæta hæfni sveitarstjórna til að veita opinbera þjónustu, sinna stjórnsýslu og lýðræðislegri stjórnun)

e) Heilsuvernd og umönnun barna

f) Rannsókn á ofangreindum sviðum.

²² Sbr. nánar minnisblað sem lagt var fyrir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundi hennar 10. júní 2005 og samþykkt stjórnar um að fela þróunar- og alþjóðasviði að taka saman greinargerð um hvort og að hvaða leyti það eru forsendur og ávinningur af þátttöku íslenskra sveitarfélaga í þróunarverkefnum með erlendum sveitarfélögum.

almannþjónusta, menning og menntun, upplýsinga- og þekkingarþjóðfélagið, stjórnun og alþjóðleg samvinna.

Reykjavíkurborg hefur um nokkurra ára skeið starfað innan vébanda Eurocities. Einkum hefur borgin tekið þátt í starfi á sviði samgöngumála og menningarmála. Hingað til geta aðeins borgir innan ESB-ríkja orðið fullgildir aðilar að samtökunum en auk Reykjavíkur taka t.d. bæði Ósló og Björgvin þátt í starfi samtakanna. Þessar þrjár borgir hafa beitt sér fyrir því að borgir í aðildarríkjum EES-samningsins geti orðið fullgildir aðilar og hefur stjórnarnefnd samtakanna nú fallist á að leggja það til við aðalfund þeirra sem haldinn verður í nóvember nk. Verði tillagan samþykkt er einsýnt að borgin auki enn frekar þátttöku sína á þessum vettvangi, enda var það ein af meginástæðum fyrir því að leggja kapp á umræddar breytingar.²³

Samstarf EFTA-ríkja um sveitarstjórnarmál

Eins og rakið hefur verið er enginn vettvangur fyrir sveitarstjórnarstigið innan EFTA eða EES-samningsins eins og er innan ESB þar sem Héraðanefndin er. Að undanfögnu hefur verið vaxandi áhugi á því meðal sveitarstjórnarmanna, einkum í Noregi og Íslandi, að koma slíkum vettvangi á laggirnar. Í skýrslunni *EES og hagsmunir íslenskra sveitarfélaga - Staða - horfur - tillögur* - er m.a. lagt til að utanríkisráðuneytið beiti sér fyrir slíkum vettvangi og hefur ráðuneytið á Íslandi verið jákvætt fyrir því og hreyft því máli á vettvangi EFTA. Sömu sögu hefur ekki verið hægt að segja um stjórnvöld í Noregi. Hefur einkum verið talið þungt í vöfum að breyta EES-samningnum til að koma þessu samstarfi á fót. Hins vegar er ekkert sem kemur í veg fyrir það að settur sé á laggirnar óformlegur samráðsvettvangur innan EES-samstarfsins, og nýta hann til þess að eiga samstarf við aðra aðila, t.d. Héraðanefnd Evrópusambandsins. Hefur Héraðanefndin einmitt tekið fram í stefnumótun sinni um erlend samskipti, að hún vilji þróa samstarf við nágrannaríkin innan EFTA.²⁴

Í þeim tilgangi að þoka þessu máli áleiðis átti stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og framkvæmdastjórn norskra sveitarfélaga fund í Brussel þann 20. apríl sl. Var þar ákveðið að vinna áfram að undirbúningi málsins með því að óska eftir fundi með fulltrúum svissneskra og liechtensteinskra sveitarfélaga í tengslum við 12. þing Evrópuráðs sveitarfélaga og héraða í Strassborg. Sá fundur var haldinn hinn 1. júní sl. Tóku fulltrúar Sviss og Liechtenstein einnig jákvætt í hugmyndina um samráðsvettvang EFTA-ríkjanna á sveitarstjórnarstigi en vildu fá tækifæri til að ræða þau mál betur á heimavelli. Staða Liechtenstein er þó e.t.v. nokkuð sérstök smæðar landsins vegna, en þar eru aðeins 11 sveitarfélög og annast utanríkisráðuneyti landsins öll samskipti við erlendar stofnanir og samtök á þeirra vegum. Þó var sammælt um að ritarar sendinefnda ríkjanna í Strassborg, sem eru starfsmenn sveitarfélagasambandanna, myndu vinna áfram tillögu að samstarfsyfirlýsingu sem kjörnir fulltrúar gætu tekið til frekari umræðu í haust. Með þessum hætti er þannig unnið á vettvangi

²³ Nánari upplýsingar um samtök Evrópuborga má nálgast á vefsíðunni: http://www.eurocities.org/_INDEX.php

²⁴ Sjá stefnumörkun Héraðanefndarinnar um alþjóðleg samskipti: http://www.cor.eu.int/document/presentation/r_cdr279-2004_pt7_nb_en.pdf

sveitarfélagasambandanna sjálfra að framgangi málsins. Eigi að síður er mikilvægt að íslensk stjórnvöld beiti sér áfram fyrir því að sveitarfélögin í EFTA-ríkjunum eigi sér formlegan samstarfsvettvang. Það myndi óhikað styrkja EFTA-stoð EES-samningsins og gera samninginn enn hagstæðari Íslendingum en nú er.

Hér er á ferðinni skýrt dæmi um það, hvernig unnt er að vinna að hagsmuna málum sveitarfélaga í samstarfi við aðra, hvernig unnt er að nýta EFTA og EES-samninginn til þess að nálgast Héraðanefndina og þannig hafa áhrif á það starfsumhverfi sem sveitarfélögum er búið með löggjöf af hálfu ESB. Ennfremur er þetta dæmi um verkefni sem fulltrúi sveitarfélaga í Brussel getur unnið að.

Aðrir aðilar - samstarfsmöguleikar

Fjöldmargir aðrir hagsmunaaðilar reka starfsemi í Brussel eins og vænta má. Þar er m.a. um að ræða hagsmunasamtök á vinnumarkaði, ýmis áhugamanna-samtök, einstök stórfyrirtæki o.fl. Hvað Ísland snertir eru Samtök atvinnulífsins með starfsmann í hlutastarfi við að fylgjast með löggjöf og gæta hagsmuna samtakanna. Starfsmaðurinn hefur aðsetur hjá UNICE, samtökum evrópskra atvinnurekenda. Samtök launafólks, s.s. ASÍ og BSRB hafa ekki fasta starfsemi í Brussel en taka virkan þátt í störfum ETUCE, Evrópusamtökum verkalýðsfélaga og sækja fundi að heiman. Þá eiga bæði atvinnurekendur og verkalýðsfélög sæti í Ráðgjafarnefnd EFTA (Consultative Committee) sem er formlegur samráðs-vettvangur um málefni vinnumarkaðarins, efnahags- og félagsmál. Ekki er óhugsandi að þessir aðilar geti átt samstarf við sveitarfélög um starfsemi í Brussel, a.m.k. óformlegt og ef til vill verkefnabundið. Í tengslum við fund í Ráðgjafarnefnd EFTA í apríl sl. átti ég þess kost að gera fulltrúum Samtaka iðnaðarins, ASÍ og BSRB grein fyrir þessu verkefni og viðra hugmyndir um samstarf. Er fullt tilefni til að kanna það mál betur í formlegum viðræðum við þessa aðila.

7. Styrkleikar og veikleikar skrifstofu sveitarfélaga í Brussel

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeirri starfsemi sem sveitarfélagasambönd, héröð og borgir starfrækja í Brussel. Ennfremur hefur verið skýrt frá starfsemi ýmissa samtaka og stofnana er vinna að málum staðbundinna stjórnvalda á vettvangi Evrópusamstarfsins, bæði þeirra sem starfa innan vébanda ESB og eins annarra sem starfa á víðari grundvelli. Þá hef ég gert grein fyrir heimsóknum mínum til þessara aðila og upplýsingum sem ég hef safnað um starfsemi þeirra og hvernig þau líta á ávinning af starfseminni. Á grundvelli þessa hefur sú skoðun mín þegar komið fram að ég tel mikilvægt fyrir íslensk sveitarfélög að reka skrifstofu í Brussel til að leitast við að hafa áhrif og gæta hagsmuna sveitarfélaganna og íbúa þeirra. Það er hins vegar ekki sama með hvaða hætti þetta er gert og getur t.a.m. verið varasamt að senda einn starfsmann til Brussel, ef hann er ekki í neinum tengslum við aðra aðila þar og/eða ef þessum málum er lítið eða ekki sinnt heima fyrir. Allt þetta þarf að fylgjast að og vera skipulagt vel frá upphafi. Vitanlega fylgja því ýmsir kostir en um leið gallar að víkka út starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga þannig að hún nái einnig til Brussel. Ég hef kosið hér að tala um styrkleika og veikleika starfsemi sveitarfélaganna í Brussel og ég er þeirrar skoðunar að unnt sé að vinna þannig úr veikleikum að jafnvel þeir verði til styrktar starfseminni ef rétt er á málum haldið.

Styrkleikar með starfsemi í Brussel

- ✓ Líkur á að hægt sé að hafa meiri áhrif á tilskipanir er varða sveitarfélögin en hægt er að heiman;
- ✓ hagsmunagæslan verður markvissari með daglegu tengslaneti og upplýsingaöflun áreiðanlegri og reglubundnari;
- ✓ persónuleg sambönd við ýmsa lykilaðila auðveldari;
- ✓ til verður þekkingarsetur um málefni EES-samningsins og hagsmuni sveitarfélaganna sem nýtist sveitarfélögum á landsvísu en getur einnig nýst öðrum aðilum, þ.m.t. ríkinu;
- ✓ unnt að tryggja betra mat á áhrifum löggjafar á sveitarstjórnarstigið, þ.m.t. kostnaðarmat, og getur í vissum tilvikum dregið úr eða frestað útgjöldum sveitarfélaga með því að upplýsingar og þekking liggja fyrir fyrir en ella;
- ✓ þátttaka í starfi CEMR (Evrópusamtaka sveitarfélaga) verður virkari, ekki síst reglubundin þátttaka í störfum ELAN-hópsins;
- ✓ samstarf við fastanefnd Íslands í Brussel getur gert samvinnu ríkis og sveitarfélaga í þessum málaflokki nánari og árangursríkari fyrir báða aðila;
- ✓ skrifstofa í Brussel getur greitt fyrir aðild að CEEP, Evrópusamtökum opinberra atvinnurekenda.

Veikleikar við starfsemi í Brussel

- ✓ Kostnaður við reksturinn er allnokkur, 15–25 m.kr. á ári eftir umfangi;
- ✓ talsverð hættu er á að fjármagn yrði tekið úr hagsmunagæslu heima fyrir þannig að úr henni yrði dregið;

- ✓ hugsanlegt að heimavígstöðvarnar firri sig ábyrgð á málum er varða sveitarfélögin og EES-samninginn;
- ✓ tilhneiging gæti orðið til þess að senda Brussel-fulltrúann á nánast alla fundi, þ.m.t. sérfræðingafundi sem þó er mikilvægt að sérfræðingar að heiman haldi áfram að sækja;
- ✓ ákveðið áhætta að upplýsingar sem aflað er komist ekki á leiðarenda þar sem minni áhersla yrði lögð á þennan þátt í starfsemi sambandsins í Reykjavík.

Enda þótt vissir veikleikar eða gallar fylgi rekstri Brussel-skrifstofu sveitarfélaganna eru þeir þó allir þess eðlis að unnt er að lágmarka þá. Varðandi kostnaðinn er að sjálfsögðu mikilvægt að horfa á hann í samhengi við þann kostnað sem EES-tilskipanir almennt hafa á sveitarfélögin. Jafnvel þótt 20 m.kr. sé umtalsverð upphæð, t.d. á mælikvarða rekstrarútgjalda Sambands íslenskra sveitarfélaga, er það augljóslega lág upphæð í samanburði við útgjöldin sem fylgja hinum ýmsu tilskipunum og gerðum. Þar sem um er að ræða hagsmunamál sveitarfélaganna á landsvísu er eðlilegt að Sambandi ísl. sveitarfélaga verði tryggt fjármagn til að standa undir þessum kostnaði með sama hætti og aðra þætti í starfsemi sinni, þ.e. með framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eins og lög kveða á um. Hvað snertir aðra veikleika er einfaldlega mikilvægt að gæta þess að starfsemin heima fyrir veikist ekki, heldur þvert á móti.

8. Niðurstöður

Vinnan við þetta sérstaka verkefni um hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga í Brussel hefur leitt margt athyglisvert í ljós. Má þar m.a. nefna að starfsemi sveitarfélaga og sambanda þeirra og einstakra héraða og borga er afar umfangsmikil í Brussel. Er það samdóma álit viðmælenda minna að reynslan tali skýru máli um að hagsmunagæsla í Brussel hafi haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélögin og viðkomandi svæði þótt árangur í þessu efni geti reynst tormældur. En sú staðreynd ein að kjörnir fulltrúar sveitarfélaga og héraða hafa séð ástæðu til að halda þessari starfsemi úti um langt árabil segir hins vegar heilmikla sögu, nefnilega þá að þeir sjá einnig árangur af starfseminni. Þá hefur náð samstarf fulltrúa sveitarfélagasambandanna í Brussel vakið eftirtekt og samvinna þeirra við Evrópusamtök sveitarfélaga, Héraðanefnd Evrópusambandsins og fleiri slíka aðila sömuleiðis. Viðamikil tengslanet á sveitarstjórnarstigi er þegar til staðar og nýtist vel í vinnu að hagsmunum sveitarfélaganna. Í mörgum tilvikum deila nokkur sveitarfélagasambönd aðstöðu og njóta góðs af slíku nábyli. Gleggsta dæmið um það er frá öðrum norrænum ríkjum, þar sem dönsku, finnsku, norsku og sænsku sveitarfélagasamböndin eru öll á sama stað. Með því móti verður samstarf þeirra og samvinna enn nánari en ella, þau bera saman bækur sínar um afstöðu til mála, og augljóst hagræði næst í rekstri þeirra með því að þau deila fundaraðstöðu, móttöku og ritara. Hafa þau bent á að þar sé einnig möguleiki fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga að vera með starfsaðstöðu.

Umfangsmikil starfsemi einstakra svæða og byggðarlaga er einnig athyglisverð. Mörg svæði hafa með sér samvinnu þvert á landamæri. Á það bæði við um sameiginlega staðsetningu en einnig samstarf um einstök verkefni. Þessum þætti hefur ekki verið gefinn mikill gaumur á Íslandi hingað til, en heimsókn stjórnar Bygðastofnunar til Brussel í mars hefur tvímælalaust beint kastljósi þeirra sem starfa að byggðaþróun á Íslandi á þá möguleika sem virk þátttaka innan ramma EES-samningsins gefur til eflingar byggðarlaganna og þar með sveitarfélaganna. Víðast hvar eru sveitarstjórnarmál og byggðamál vistuð í einu og sama ráðuneyti og getur það óumdeilanlega auðveldað samstarf að þessum málum, en jafnvel þótt sú skipan sé ekki á Íslandi á það ekki að koma í veg fyrir samstarf að augljóslega sameiginlegum hagsmunum. Í þessari verkefnavinnu hef ég einnig skoðað starfsemi margra svæðaskrifstofa og tel ótvírætt að margir kostir og hagræðing geti fylgt samstarfi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bygðastofnunar á þessu sviði. Má í því sambandi benda á farsælt samstarf margra aðila í Scotland House, sem sinnir bæði hagsmunagæslu fyrir samband skoskra sveitarfélaga en einnig fyrir einstök svæði (Highlands & Islands) og hin skosku samtök atvinnulífsins og er um leið aðsetur fastanefndar Skotlands gagnvart Evrópusambandinu.

Hvað varðar starfsemi einstakra sveitarfélaga þá er hún líka allmikil í Brussel. Er þar einkum um að ræða stórar borgir eða höfuðborgir en oft á tíðum eiga þær líka í samstarfi við það hérað eða svæði sem þær tilheyra. Staða Reykjavíkur er vissulega sérstök meðal íslenskra sveitarfélaga, þar búa um 40% landsmanna og í öðrum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins um 20% til viðbótar. Reykjavík

getur eins og aðrar borgir átt verulega hagsmuni af öflugri hagsmunagæslu í Brussel. Á það bæði við um þátttöku í ýmis konar samstarfsverkefnum en einnig að því er lýtur að því að fylgjast með löggjöf sem í undirbúningi er og varðar verulega hagsmuni sveitarfélaganna. Ekki er útilokað að önnur einstök sveitarfélög á Íslandi, eins og t.d. Kópavogur, Hafnarfjörður og Akureyri, geti séð sér hag í að eiga aðgang að starfsstöð í Brussel sem gæti haft milligöngu og miðlað upplýsingum um samstarfsmöguleika.

Á grundvelli þeirrar vinnu sem undirritaður hefur unnið á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, utanríkisráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins tímabilið janúar-júní 2005 og þeirrar umfjöllunar sem felst í þessari skýrslu legg ég til eftirfarandi til að treysta hagsmunagæslu sveitarfélaga gagnvart EES-samningnum:

1. Samband íslenskra sveitarfélaga starfræki sérstaka skrifstofu í Brussel, og leiti eftir samstarfi við Reykjavíkurborg og Byggðastofnun um reksturinn.

Lagt er til að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi frumkvæði að því að óska eftir samstarfi við Reykjavíkurborg og Byggðastofnun um rekstur Brussel-skrifstofu. Verkefni skrifstofunnar verði einkum:

- (a) að fylgjast með undirbúningi löggjafar og reglugerða sem í vinnslu eru á vegum ESB og varða efnissvið EES-samningsins og sveitarfélögin og gæta hagsmuna íslenskra sveitarfélaga í því sambandi;
- (b) að taka þátt í samstarfi sveitarfélagasambanda og Evrópusamtaka sveitarfélaga í Brussel um sameiginlega hagsmunagæslu, stefnumótun og afstöðu til málefna sem varða sveitarfélögin;
- (c) að greiða fyrir samstarfi Reykjavíkurborgar við aðrar borgir í Evrópu á þeim sviðum sem borgaryfirvöld telja mikilvæg hverju sinni, einkum með hliðsjón af þeim áherslum sem fram koma í samþykkttri „Stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum“;
- (d) að stuðla að aukinni þátttöku íslenskra sveitarfélaga og byggðarlaga í samstarfs- og byggðaáætlunum Evrópusambandsins og á vettvangi þróunarsjóðs EFTA og koma á nauðsynlegum tengslum í því sambandi;
- (e) að greiða fyrir samstarfi sveitarfélaga við rannsóknar- og háskólastofnanir um verkefni sem nýtast báðum aðilum og unnt er að vinna í samstarfi við aðra sambærilega aðila í Evrópu;
- (f) að gefa sveitarfélögum á Íslandi kost á að senda starfsfólk í tímabundna starfsþjálfun á skrifstofunni;
- (g) að eiga samstarf við fastanefnd Íslands í Brussel um þau EES-mál er varða sérstaklega sveitarstjórnarstigið og hagsmuni borga og héraða.
- (h) að miðla upplýsingum og þekkingu um viðfangsefni sín til sveitarfélaga og almennings á Íslandi;
- (i) að taka þátt í erlendu samstarfi á vegum CEMR, CLRAE, Eurocities og EFTA eftir því sem óskað er eftir af rekstraraðilum skrifstofunnar;

- (j) að eiga samstarf við aðra íslenska hagsmunaaðila, t.d. aðila vinnumarkaðarins, um sameiginleg hagsmunamál vegna EES-samningsins.

Lagt er til að eftirfarandi verði haft til viðmiðunar við nánari útfærslu:

- (a) Samband íslenskra sveitarfélaga standi fyrir um 2/3 af rekstrarkostnaði skrifstofunnar og fái til þess nauðsynlegt fjármagn úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Reykjavíkurborg og Byggðastofnun skipti með sér um 1/3 rekstrarkostnaðar.
 - (b) Unnin verði nákvæm fjárhagsáætlun vegna verkefnisins en lausleg athugun gerir ráð fyrir að heildarkostnaður miðað við þá hugmynd að skipulagi sem hér liggur fyrir geti verið um 25 m.kr. árlega.
 - (c) Ráðinn verði einn forstöðumaður skrifstofunnar sem verði útsendur starfsmaður til t.d. þriggja ára í senn. Auk þess verði staðarráðinn einn starfsmaður en auk þess gert ráð fyrir starfsmanni sveitarfélags og/eða starfsþjálfunarnema að jafnaði í allt að níu mánuði árlega (t.d. í 3x3 mánuði hver).
 - (d) Leitast verði við að gera samkomulag við hin norrænu sveitarfélaga-samböndin um að skrifstofan geti verið til húsa á sama stað og þau eru.
 - (e) Gerður verði sérstakur samstarfssamningur um rekstur skrifstofunnar sem m.a. kveði nánar á um starfsemi, verk- og starfslýsingar o.þ.h. Þar verði einnig kveðið á um skipun stjórnar, t.d. fimm manna, fyrir skrifstofuna sem hafi yfirumsjón með starfseminni í umboði rekstraraðila.
 - (f) Kannaðir verði möguleikar á samstarfi við fleiri aðila, t.d. um einstök verkefni, s.s. við aðila vinnumarkaðarins.
 - (g) Miðað skal við að starfsemi skrifstofunnar hefjist formlega á tímabilinu 1. júlí 2006–1. janúar 2007.
2. Starfsemi þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins verði eflað þannig að sviðið geti sinnt þeirri heimavinnu sem nauðsynleg er í tengslum við starfsemi í Brussel, dreift áfram upplýsingum o.þ.h.

Óhjákvæmilegt er, að með rekstri sérstakrar skrifstofu í Brussel, verði starfsemi þróunar- og alþjóðasviðs Sambands ísl. sveitarfélaga eflað á þann veg að sviðið geti verið nauðsynlegt bakland fyrir Brussel-skrifstofuna, tekið við upplýsingum þaðan og miðlað áfram, skipst á skoðunum við Brussel-skrifstofuna um hvaðeina sem varðar hagsmunagæslu vegna EES-samningsins, komið upp og viðhaldið nauðsynlegu neti sérfræðinga sveitarfélaganna á þeim sviðum sem EES-samningurinn nær til o.s.frv. Er það ótvíræð reynsla annarra að það sé ekki skynsamlegt að reka skrifstofu í Brussel ef þekkingin á þeim málum sem þar eru unnin er lítil eða engin heima fyrir. Ennfremur er mikilvægt að heimaaðilar, í þessu tilviki sambandið, borgin og Byggðastofnun, séu í stakk búnir til að miðla áfram upplýsingum frá Brussel.

3. **Samband íslenskra sveitarfélaga efli þátttöku sína í starfi Evrópusamtaka sveitarfélaga, með reglulegri þátttöku á framkvæmdastjórafundum samtakanna og markvissri þátttöku í þeim vinnunefndum sem mikilvægastar eru taldar hverju sinni.**

Á vegum Evrópusamtaka sveitarfélaga fer fram gríðarlega þýðingarmikið starf að hagsmunamálum sveitarfélaganna. Þar er saman komin mikil þekking á því hvernig hagsmunagæslu er best sinnt og samtökin nýta sér einnig sérfræðiþekkingu einstakra aðildarsambanda. Þessi vettvangur er tvímælalaust einn sá allra þýðingarmesti vilji menn fylgjast náið með því sem er á undirbúningsstigi hjá ESB og hafa áhrif á heildarafstöðu sveitarstjórnarstigsins í Evrópu. Þar skiptir aðild að ESB engu máli, miklu fremur hitt að taka reglulega þátt í samstarfinu, miðla eigin þekkingu og reynslu og fá slíkt hið sama í staðinn, og hafa efnislega afstöðu til málanna að leggja. Því er lagt til að sambandið leggi enn meiri áherslu á þessa samvinnu en gert hefur við til þessa.

4. **Reykjavíkurborg efli þátttöku sína á vettvangi Eurocities, einkum ef samþykkt verður að EFTA-löndin geti átt fulla aðild að samtökunum.**

Reykjavíkurborg hefur um nokkurra ára skeið verið aukaaðili að Eurocities, samtökum Evrópuborga. Nú hefur stjórnarnefnd samtakanna ákveðið að leggja til við aðalfund þeirra í nóvember nk., m.a. vegna eindreginna óska Reykjavíkur, Óslóar og Björgvinjar, að aðildarríki EES-samningsins geti orðið fullgildir aðilar að samtökunum. Borgin hefur tekið þátt í starfi samtakanna að nokkru leyti en á marga möguleika ónýtt í því sambandi. Í nýlega samþykkttri „Stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum“ er einmitt sérstaklega vikið að aukinni þátttöku borgarinnar á þessum vettvangi og rakið á hvaða málavíð borgin ætti einkum að horfa í þessu sambandi.

5. **Gert verði sérstakt samkomulag við utanríkisráðuneytið um samstarf Brussel-skrifstofu sveitarfélaganna við fastanefnd Íslands gagnvart Evrópusambandinu.**

Á vegum fastanefndar Íslands gagnvart Evrópusambandinu er unnin mikil og markviss vinna að því er varðar almenna hagsmunagæslu gagnvart EES-samningnum. Þar er einnig að finna yfirgripsmikla þekkingu á samningnum, innviðum hans og túlkunum, auk mikilvægra tengsla við aðrar fastanefndir og framkvæmdastjórn ESB. Það er í þágu sameiginlegra íslenskra hagsmuna að fulltrúar sveitarstjórnarstigsins í Brussel geti átt greiðan aðgang að fastanefndinni, t.d. með reglubundnum samráðsfundum og gagnvirkri upplýsingagjöf. Því er lagt til að gert verði formlegt samkomulag við utanríkisráðuneytið um slíkt samstarf. Á sama hátt er mikilvægt að fulltrúi sveitarfélaganna í Brussel, ásamt fulltrúa félagsmálaráðuneytisins, tengist samstarfi ríkis og sveitarfélaga á Íslandi um EES-málefni, á vettvangi samráðsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einstakra ráðuneyta, undir forystu utanríkisráðuneytisins.

9 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Samkomulag um verkefnið


0408115SA

Samkomulag


Utanríkisráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg, hér eftir nefndir samningsaðilar, gera með sér svofellt samkomulag á grundvelli tillagna í skýrslu starfshóps á vegum utanríkisráðuneytisins um EES og hagsmunum íslenskra sveitarfélaga frá því í janúar 2004:

1. Í samræmi við tillögu 6.1 í skýrslunni, hafa samningsaðilar ákveðið að styrkja verkefni sem felur í sér að kannaðir verði kostir þess og gallar að íslensk sveitarfélög reki sérstaka skrifstofu í Brussel, ein eða í samstarfi við aðra.
2. Ráðinn verði verkefnisstjóri til 6 mánaða sem vinni að þessu verkefni í umboði stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga (fylgiskj. 2). Meðal þess sem skal kannað er starfsemi sambærilegra skrifstofa annarra landa í Brussel. Þar er bæði um að ræða skrifstofur sveitarfélagasambanda, einstakra héraða, borga eða borgarsvæða. Einkum skal sjónum beint að starfsemi norrænna sveitarfélaga eða aðila tengdum þeim í Brussel, en einnig minni ríkja bæði innan og utan Evrópusambandsins. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á samstarfi um hagsmunagæslu, bæði við innlenda aðila, sbr. tillögu 6.2. í áðurnefndri skýrslu, og við erlenda aðila, m.a. við sveitarfélagasamtök annars staðar á Norðurlöndum, formlega samráðsaðila s.s. CoR, CEMR, Eurocities o.fl. Verkefnisstjórinn mun m.a. annast samskipti við Eurocities f.h. Reykjavíkurborgar og CLRAE (Héraðs- og sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins) f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Verkefnisstjóri hefur starfsaðstöðu í sendiráði Íslands í Brussel og nýtur aðstoðar starfsmanna sendiráðsins eftir atvikum. Starfskjör verkefnisstjóra skulu vera sambærileg og fulltrúa íslenskra ráðuneyta í Brussel.
4. Verkið verði unnið á tímabilinu janúar 2005 til júlí 2005. Verkefnisstjóri skal hafa samráð við sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs og EES-nefnd sambandsins við undirbúning og skipulag verkefnisins og miðla upplýsingum um framvindu þess. Verkinu skal lokið með greinargerð til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og borgarráðs. Þar skulu koma fram ábendingar og eftir atvikum tillögur um það, á hvern hátt íslensk sveitarfélög, sameiginlega, í samstarfi við aðra, eða hvert um sig, geta með markvissari hætti staðið fyrir hagsmunagæslu í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.
5. Utanríkisráðuneytið leggur verkefninu til starfsaðstöðu í sendiráði Íslands í Brussel og aðra skrifstofuþjónustu; Reykjavíkurborg leggur verkefninu til verkefnisstjóra og greiðir laun hans; Samband íslenskra sveitarfélaga leggur fram 2,2 m.kr.; Félagsmálaráðuneytið leggur fram 1,0 m.kr. og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 1,5 m.kr. Skal þeim fjármunum ráðstafað á grundvelli meðfylgjandi kostnaðaráætlunar (fylgiskj. 1). Skal kostnaðaruppgjör koma við lok verkefnis og verði rekstrarafgangur skal hann endurgreiddast samningsaðilum í hlutföllum við kostnaðarmat á framlögum þeirra. Stjórnсыsla verkefnisins verður vistuð hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Reykjavík, 3. september 2004.


f.h. utanríkisráðuneytisins


f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga


f.h. félagsmálaráðuneytisins


f.h. Reykjavíkurborgar

Fylgiskjal 2: Listi yfir viðmælendur:

Abel, Lars, Member of Committee of the Regions and Copenhagen County Council	Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar	Hedenström, Bengt, Senior Adviser CEEP
Andreasen, Asger, Head of Brussels Office Amtsrådsforeningen	Heikkilä, Seppo, Director European North Lapland Oulu Office
Angantýr Einarsson, sendiráðunautur	Herdís Sæmundsdóttir, stjórnarformaður Byggðastofnunar
Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri	Hermann Sæmundsson, sendiráðunautur
Ágústa Ýr Þorbergsdóttir, Þróunarsjóði EFTA	Hjörtur Bragi Sverrisson, Þróunarsjóði EFTA
Ástfríður Magnúsdóttir, Samtökum atvinnulífsins, Brussel	Holm, Tommy, Sveriges Kommunar och Landsting
Berg, Anna, North Norway	Hovdkinn, Øystein, Deputy Secretary General, EFTA
Berggren, Trine, Officer EFTA	Högni S. Kristjánsson, sendifulltrúi
Biorn-Lian, Nicolay, Kommunenes Sentralforbund	Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri, umhverfissráðuneyti
Blanco, Fernando, Stockholm Region	Illeborg, Steen, Deputy Secretary-General, CoR
Chevassus, Sylvain, Policy Officer, CEMR	Jacobsen, Pål, Stavanger Region
Cré, Ivo, Policy Officer, Eurocities	Jakob Falur Garðarsson, sendiráðunautur
English, Sarah, Scotland House	Jón Steindór Valdimarsson, Samtökum iðnaðarins
Erdal, Åse, Kommunenes Sentralforbund, Norge	Kamfjord, Svein, Kommunenes Sentralforbund
Erna Guðmundsdóttir, lögfræðingur BSRB	Keller, Michael, Manager, Association of French Mayors
Fiorilli, Patrizio, Policy Officer, CEMR	Kitt, Richard, Director, Local Government in Britain
Friis-Konst, Thomas G., Director Stockholm Region	Kjartan Jóhannsson, sendiherra
Gejerstam, Elmira af, Director, Sveriges Kommunar och Landsting	Knowles, Vanda, Policy Officer Eurocities
Gilland, Morrey, Quality Officer, DG Regio, EU	Kolbeinn Árnason, sendiráðunautur
Gréta Gunnarsdóttir, sendifulltrúi	Kristján Andri Stefánsson, sendifulltrúi
Groes, Jonas, Head of Brussels Offide Kommunernes Landsforbund	Kristrún Kristinsdóttir, sendiráðunautur
Guðjón Axel Guðjónsson, sendiráðunautur	Lamminmäki, Lauri, Director, Association of Finnish Local and Regional Authorities
Guðmundur Sigþórsson, sendiráðunautur	

Larsen, Arne, Kommunenes Sentralforbund Lóa Brynjúlfsdóttir, EFTA	Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, sendiráðunautur
MacInnes, Donald, Director, Scotland House	Reichert, Inga, Director, CEEP
Mikkelsen, Lars, Information and Project Officer Oslo Region	Selnes, Vera, Osloregion
Nybølet, Harald, EFTA	Smith, Jeremy, Secretary-General, CEMR
Nylund, Eija, Director Helsinki EU Office	Solvang, Ragnhild, EFTA
O'Mahony, Anne, Head of Office Lancashire Brussels Office	Stefán Baldursson, sendiráðunautur
Parmentier, Catherine, Secretary-General, Eurocities	Tønnesen, Rolf Egil, Deputy Director ESA
Pascoe, Simon, Head of European Office, Welsh Local Government Association	Wolesa, Simona, Head of Brussels Office, Austrian Municipalities
Peterson, Kjell, President West Sweden	Þóra Magnúsdóttir, sendiráðunautur
Poth-Mögele, Angelika, Head of Policy, CEMR	Þórður H. Ólafsson, sendiráðunautur
Prévot, Marie-Yvonne, Head of Office Highlands and Islands of Scotland	Þórir Ibsen, sendifulltrúi
	Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri EFTA
	Þorgeir J. Örlygsson, dómari EFTA dómstólnum
	Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri

Fylgiskjal 3: Dagskrá heimsóknar íslenskra sveitarstjórnarmanna til Brussel 17.-21. apríl 2005

Sunnudagur 17. apríl

Brottför frá Keflavík kl. 07:30
Koma til Amsterdam kl. 12:30
Rúta frá Amsterdam til Brussel
Koma til Brussel ca kl. 17:00

18:30 Rúta frá hóteli í heimboð
18:30-20:30 Samverustund í boði fulltrúa félagsmálaráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga í Brussel.
21:00 Rúta á hótél

Mánudagur 18. apríl, fundur í aðalstöðvum EFTA, 12-16 Rue Joseph II

I. hluti Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið

08:30 Lagt af stað frá hóteli og almenningsfarartæki notuð til að komast á fundarstað
9:00 Uppbygging Evrópusambandsins og hlutverk helstu stofnana þess, Evrópuþingsins, framkvæmdastjórnarinnar, ráðherraráðsins og héraðanefndarinnar (committee of the Regions). *Högni S. Kristjánsson, sendifulltrúi.*
9:40 Kynning á EES-samningnum (hvað er EES-samningurinn, til hvaða þátta nær hann, hvernig varðar hann sveitarfélögin, þjónustutíðskipunin o.fl.) *Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, sendiráðunautur.*

10:00 Kaffihlé

II. hluti Sveitarfélögin og EES samningurinn

10:15 Hagsmunagæsla sveitarfélaga og EES-samningurinn

- ✓ Staða sveitarfélaga og hagsmunagæsla *Hermann Sæmundsson fulltrúi félagsmálaráðuneytis.*

- ✓ Umhverfismál (vatnatilskipun o.fl.) *Þórður H. Ólafsson fulltrúi umhverfisráðuneytis.*
- ✓ Byggðastefna (ný byggðastefna, Interreg áætlanin og byggðakort ESB) *Guðjón Axel Guðjónsson fulltrúi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.*
- ✓ Ríkisstyrkir og opinber innkaup *Angantýr Einarsson fulltrúi fjármálaráðuneytis.*
Rammaáætlun um rannsóknir og þróun *Stefán Baldursson fulltrúi menntamálaráðuneytis.*

12:00 Umræður og fyrirspurnir

12:30 Hádegishlé-léttur hádegisverður á fundarstað

III. hluti Sveitarfélögin á vettvangi í Brussel

13:30 Hvernig gæta sveitarfélög hagsmuna sinna í Brussel?
✓ *Asger Andreasen, frá Sambandi danskra amta, Brussel.*
✓ *Lauri Lamminmäki, frá Sambandi finnskra sveitarfélaga, Brussel.*
✓ *Åse Erdal frá Sambandi norskra sveitarfélaga, Osló.*
✓ *Donald MacInnes framkvæmdastjóri Scotland House, Brussel.*
✓ *Anne Berg, framkvæmdastjóri North Norway, Brussel.*

15:15 Fundarlok.

16:00 Fundarlok.
18:00 Móttaka í boði sendiherra Íslands, Kjartans Jóhannssonar. Rúta fer frá hóteli kl. 17:30 og tilbaka á hótél kl. 20:00.

Priðjudagur 19. apríl, heimsóknir í stofnanir og samtök.

IV. hluti Heimsókn í stofnanir

- 9:00 Lagt af stað frá hóteli og almenningsfarartæki notuð.
- 9:30 Heimsókn til Evrópusamtaka sveitarfélaga, CEMR, (*skipulag og hlutverk, hagsmunagæsla, samstarf við einstök aðildarsamtök o.fl.*), *Jeremy Smith aðalframkvæmdastjóri og Angelika Poth-Mögele skrifstofustjóri.*
- 11:30 Hádegishlé
- 13:30 Heimsókn til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (*INTERREG áætlunin, framtíð byggðastefnu, staðbundin lýðræði í Evrópusamvinnunni*), *Murray Gilland, gæðastjóri.*
- 16:30 Heimsókn til Héraðanefndarinnar, Committee of the Regions, (*skipulag og hlutverk, samvinna við sveitarstjórnir, samstarf við EFTA/EES ríki*), *Steen Illeborg, skrifstofustjóri.*
- 18:00 Dagskrárlök
- 19:15 Lagt af stað frá hóteli á veitingastað
- 19:30 Kvöldverður á veitingastaðnum Taverne du Passage sem er í göngufæri við hótél, sjá meðf. kort.

Miðvikudagur 20. apríl, fundur í aðalstöðvum EFTA, 12-16 Rue Joseph II

V. hluti EFTA og samstarf sveitarstjórnarmanna

- 8:30 Lagt af stað frá hóteli og almenningsfarartæki notuð.
- 9:00 Heimsókn til EFTA, kynnt starfsemin þar:
Próun EES-samningsins og vinnuferlar, *Pórunn J. Hafstein skrifstofustjóri (Services, Capital, Persons and Programmes).*
- EES/EFTA þátttaka í áætlunum á vegum ESB, *Tor Egil Hodne fulltrúi.*

Próunarsjóður EFTA, *fulltrúi frá sjóðnum mun gera grein fyrir störfum hans.*

- 10:00 Sameiginlegur fundur með fulltrúum norskra sveitarfélaga.
- EES samningurinn og EFTA, *Öystein Hovdkinn, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA.*
- Ráðgjafarnefndir EFTA, samstarfið við Evrópuþingið, efnahags- og félagsmálanefnd ESB o.fl., *Harald Nybølet skrifstofustjóri/Lóa Brynjúlfsdóttir fulltrúi.*
- Stutt hlé
- 11:05 Samstarf Héraðanefndarinnar við sveitarfélagasambönd innan EFTA, stefna nefndarinnar í erlendum samskiptum, *Steen Illeborg skrifstofustjóri.*
- 11:45 “The Systematic Dialogue” (fastur samráðsveitvangur Héraðanefndar Evrópusambandsins við samtök sveitarfélaga), kynning og umræður, *Patrizio Fiorilli frá Evrópusamtökum sveitarfélaga og Richard Kitt frá Samtökum breskra sveitarfélaga í Brussel.*

12:45 Dagskrárlök (sbr. þó næsta lið).

- 13:00 Sameiginlegur fundur stjórnarmanna í Sambandi ísl. sveitarfélaga, fr. í EES-nefnd sambandsins og sambandi norskra sveitarfélaga, KS, um framhald mála varðandi samstarf EES-EFTA ríkjanna á sviði sveitarstjórnarmála.

Fimmtudagur 21. apríl

Rúta fer frá hóteli ca. 08:30 (ath. ekki staðf. tími)

Flug frá Amsterdam kl. 14:00
Koma til Keflavíkur kl. 15:10

**Fylgiskjal 4: Þátttakendur í heimsókn sveitarstjórnarmanna til Brussel,
18.–21. apríl 2005:**

Albert Eymundsson, bæjarstjóri,
Hornafirði

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarfulltrúi,
Hveragerði

Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri,
Sambandi ísl. sveitarfélaga

Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri,
Skagafirði

Björk Guðjónsdóttir, forseti
bæjarstjórnar, Reykjanesbæ

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi,
Reykjavík

Björn Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri,
Djúpavogi

Bryndís Bjarnarson, bæjarfulltrúi,
Mosfellsbæ

Gísli Gíslason, bæjarstjóri, Akranesi
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson,
sveitarstjóri, Rangárþingi ytra

Guðni Geir Einarsson, deildarsérfræðingur,
félagsmálaráðuneyti

Gunnar Sigurðsson, bæjarfulltrúi, Akranesi
Hafsteinn Karlsson, bæjarfulltrúi,
Kópavogi

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, Ísafirði
Hallgrímur Guðmundsson,
fjármálaráðuneyti

Haraldur Sverrisson, bæjarfulltrúi,
Mosfellsbæ

Herdís Þórðardóttir, bæjarfulltrúi,
Hveragerði

Jón Gunnlaugsson, bæjarfulltrúi, Akranesi
Jóna Fanney Friðriksdóttir, bæjarstjóri,
Blönduósi

Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri,
Seltjarnarnesi

Kristín A. Árnadóttir, skrifstofustjóri
borgarstjóra, Reykjavík

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri,
Akureyri

Lárus Bollason, viðskiptafræðingur,
félagsmálaráðuneyti

Magnús Ágústsson, bæjarfulltrúi,
Hveragerði

Magnús Guðmundsson, bæjarfulltrúi,
Akranesi

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri, Ölfusi
Ólafur Kr. Hjörleifsson, skrifstofustjóri
borgarstjórnar, Reykjavík

Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri,
Stykkishólmi

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi, Kópavogi
Pétur Þór Jónasson, framkvæmdastjóri

Eypings
Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarfulltrúi,
Árborg

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri,
Mosfellsbæ

Sigrún Jónsdóttir, bæjarfulltrúi, Kópavogi
Trausti Fannar Valsson, lögfræðingur,
Sambandi ísl. sveitarfélaga

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi,
Reykjavík

Þorleifur Karl Eggertsson, bæjarfulltrúi,
Húnaþingi vestra

Þorvaldur Guðmundsson, forseti
bæjarstjórnar, Árborg